

**Heit og ljúffeng**  
  
**PIZZA**  
 HAMRABORG  
 Hafnarstræti 7 - 456 3166

Nýtt og öflugt  
**verkfæri**  
 til íbúðakaupa  
 Greiðslumat á netinu  
 Lánsúmsókn á netinu  
**Íbúðalán.is**  
 www.ibudalan.is



Símanúmer  
 Landsbankans  
 á Ísafirði  
 er  
**410 4156**

Landsbankinn  
 Sími 410 4156  
 Fax 410 3018



**Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár**  
**BÆJARINS BESTA**  
 Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk

Fimmtudagur 15. mars 2007 · 11. tbl. · 24. árg.



**Í greipum  
 grimmra  
 markaðs-  
 lögmála**

– Sviptingar hafa verið í atvinnumálum á norðanverðum Vestfjörðum síðustu vikur, byggingarfyrtækið Ágúst og Flosi var lýst gjaldproti í upphafi árs og nú nýlega tilkynnti hátækni- og byggingarfyrtækið Marel um að það ætli að flytja starfstöð sína frá Ísafirði í haust. Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, segist áhyggjufullur yfir ástandinu en þó sé alltaf ástæða til að halda í bjartsýnina. Sjá nánar í viðtali í miðopnu.

# „Ísafjörður á stað í hjarta mér“

Sellósnillingurinn ísfirkættaði, Erling Blöndal Bengtsson, hélt tónleika í Hömrum á Ísafirði á föstudag. Erling hélt upp á 75 ára afmælið sitt daginn fyrir tónleikana, en fjölskylda hans var samankomin á Ísafirði til að fagna með honum. Erling sagði í samtali við blaðið að Ísafjörður ætti sérstakan stað í hjarta sér og því valdi hann að halda upp á afmælið sitt á Ísafirði.

„Hér fæddist móðir mín og ég hef komið hingað marg oft. Mér fannst þetta því notaleg hugmynd.“ Erling hefur oft áður spilað á Ísafirði. „Fyrst spilaði ég á Ísafirði árið 1946, þá 14 ára gamall. Bærinn er því orðinn eins og gamall kunningi, ég hef fylgst með honum vaxa lengi.“ Tónleikarnir lögdust vel í Erling þegar blaðamaður heyrði í honum á föstudag og hann hlakkaði til að spila fyrir Ísfirðinga.

Á tónleikunum komu fram auk Erlings, þau Einar Jóhannesson klarínnettuleikari og Nina Kavtaradze píanóleikari, en hún er tengdadóttir Erlings. Það var Tónlistarfélag Ísafjarðar sem bauð bæjarbúum á tónleikana.



Vel var tekið á móti Erling og konu hans þegar þau komu til Ísafjarðar.

**Samkaup** *úrval*

**OPIÐ:**  
 virka daga  
 kl. 09 - 21  
 laugard. 10-21  
 sunnud.  
 kl. 12 - 21  
*Verið  
 velkomin!*

**Samkaup** *úrval*

**NEISTA**  
 HAFNARSTRÆTI 9-13  
 SÍMI 456 5460

**„ÁHYGGJULAUS“**  
 ALLT UM FLUTNINGA INNANLANDS – EITT NÚMER

**EIMSKIP** | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | www.eimskip.is

VIÐSKIPTA  
 ÞJÓNUSTA  
 EIMSKIPS  
 525 7800



## Dagurinn í dag

15. mars 2007 – 74. dagur ársins

**Þennan dag** árið 1983 munaði litlu að farþegaþota frá Arnarflugi og herflugvél lentu í árekstri skammt vestan við Vestmannaeyjar. Herflugvél-in hafði farið út fyrir sitt svæði.

Um þessar mundir er verið að flytja fyrirtækið Vestfisk ehf. frá Hnífsdal til Súðavíkur. Fyrirtækið hefur verið í örur vexti og var því kominn tími á að stækka húsnæðið. Fyrirtækið hefur fengið inni í fyrrum húsnæði Frosta í Súðavík. Til stendur að opna á nýjum stað í byrjun apríl að sögn Ómars Helgasonar hjá Vestfiski. Búið er að standsetja nýja húsnæðið fyrir flutningana, en ýmsar breytingar verða á starfsemi Vestfisks. Vestfiskur hefur einbeitt sér að framleiðslu þurrkaðra sjávarafurða, byggðri á áralangri vestfirskri hefð. Helstu afurðir hafa verið hjallþurrkaður harðfiskur, harðfiskbitar, hákarl og aðrar þjóðlegar sjávarafurðir, má nefna vörur eins og Sýslumannskonfekt, Ýsukríli og Vestfirðing. Í hinu nýja húsnæði mun fyrirtækið einnig einbeita sér að framleiðslu á ferskum fiski.



Starfsfólk Sparisjóðs Vestfirðinga var ánægt með flutninginn.



Lína Björg Tryggvadóttir, svæðisstjóri Intrum á Vestfjörðum, Ósk Hauksdóttir, starfsmaður Intrum, Tryggvi Guðmundsson, lögmaður og Guðmundur Óli Tryggvason, framkvæmdastjóri Fasteignasölu Vestfjarða. Fyrir aftan þau stendur Sigurður Arnar Jónsson, forstjóri Intrum á Íslandi.

## Fimm fyrirtæki flytja

Sparisjóður Vestfirðinga opnaði á mánudag starfsemi í nýju húsnæði við Hafnarstræti 19 og var stöðugur flumur af fólki sem kom til að samfagna starfsfólki sparisjóðsins með áfangann, að sögn Eiríks Finns Greipssonar, aðstoðarsparisjóðsstjóra. „Þetta gekk bara svakalega vel“, segir Eiríkur. „Við erum glimrandi ánægð með móttökur viðskiptavina okkar, sem hafa reyndar verið góðar í öll þessi. Við stefnum að því að halda áfram í sókn.“

Stækkun húsnæðisins er nokkuð mikil fyrir Sparisjóðinn, sem áður var í 220 m<sup>2</sup> húsnæði á tveimur hæðum en er nú á 300 m<sup>2</sup> á einni hæð. „Þetta er mikil breyting til hins betra því þótt hitt hafi verið ágætt þá var það bara orðið of lítið“, segir Eiríkur. Samhliða stækkuninni hefur Sparisjóðurinn ráðið til sín starfsmann sem fær það hlutverk að bæta við þjónustu sjóðsins við smærri fyrirtæki og einstaklinga.

Nokkrar tafir voru á afhend-

ingu hússins, en upphaflega stóð til að flutt yrði í húsnæðið strax í fyrrahaust. Segir Eiríkur að seinkunin hafi ekki verið alvarleg fyrir Sparisjóðinn. „Seinkun fylgir alltaf nokkur kostnaður og dálítið svekkelsi, en það er ekkert sem breytir neinum lykilmálum fyrir okkur.“ Þá segir Eiríkur mikla hamingju vera hjá Sparisjóðnum þessa dagana í kjölfar mjög jákvæðra afkomureikninga fyrir síðasta ár sem birtir voru nýlega. „Þetta var besta

afkoma sjóðsins frá upphafi. Aðalfundur sjóðsins er svo á Þingeyri á föstudag og þá heldur hamingjan áfram.“

Auk Sparisjóðsins flytja í þetta nýja hús Fasteignasala Vestfjarða, Intrum Justitia, Lögheimtan og Pacta - Málflutningur & Ráðgjöf. Haft hefur verið eftir Guðmundi Óla Tryggvasyni hjá Fasteignasölu Vestfjarða að nýja húsnæðið fullnægi öllum nútíma kröfum og sé vel staðsett í bænum. Þá sagði hann að Fasteignasalan hlakkaði til þess að bæta enn frekar gott

starfsitt við Sparisjóð Vestfirðinga, sem verður við hlið Fasteignasöluinnar í húsinu, og að þeir byðu viðskiptavinum og aðra velunnara velkomna á

nýja staðinn. Opnuðu fyrirtækin öll fyrir viðskipti í nýju húsnæði í morgun, en haldið var upp á flutningana með hófi á föstudag. – eirikur@bb.is

## Óðum að komast mynd á dagskrá Skíðavíkkunnar

Undirbúningur fyrir hina árvissu Skíðavíku á Ísafirði er nú í fullum gangi, en hún fer fram dagana 4.-9. apríl. Flestir hefðbundnir dagskrárliðir verða á sínum stað í dagskránni eins og Garpamótin í svigi og göngu og að vanda fá börnin að keppa í páskaeggjamóti.

Eins verður Big Jump snjóbreittamótið eins og undanfarin ár. Furðufatadagurinn er ómissandi í dagskránni og hefð hefur skapast fyrir því að hefja Skíðavíkuna á Sprettgöngu Núps og út af heim vana verður ekki brugðið.

Þeir dagskrárliðir sem tilkynntir verða til Skíðavíku-

haldara fyrir 16. mars munu komast í prentaða dagskrá. Dagskrárliðir tilkynntir eftir það komast í dagskrá á vef en ekki á prent. Rokkhátíðin Aldrei fór ég suður hefur dregið margan manninn til Ísafjarðar á Skíðavíku og er síður en svo von á breytingum þar á í ár, en búið er að tilkynna hverjir

það verða sem þar munu troða upp.

Á föstudaginn langa verður boðið upp á gönguskiðaferð um friðland Hornstranda með Jóni Björnsyni. Siglt verður að Látrum í Aðalvík og þaðan gengið á skíðum til Hesteyrar.

– annska@bb.is



Guðmundur Steinar Björgmundsson, stjórnarformaður Sparisjóðs Vestfirðinga og Eiríkur Finnur Greipsson, aðstoðarsparisjóðsstjóri voru ánægðir með opnunina.



Sólberg Jónsson, fyrrv. sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Bolungarvíkur á spjalli við Angantýr Jónasson, sparisjóðsstjóra Sparisjóðs Vestfirðinga.

## Nær 50 milljónir króna til framkvæmda á Vestfjörðum frá Húsafriðunarnefnd

Á fundi Húsafriðunarnefndar í lok febrúarmánaðar voru styrkir fyrir 2007 ákveðnir. Styrkir til húsa á Vestfjörðum í ár nema rétt tæpum 50 milljónum króna. Stærstu styrkir voru ákvarðaðir af Fjarlaganefnd ríkisins í samráði við Húsafriðunarnefnd í nóvember á síðasta ári. Þá fengu

úthlutað styrkjum Barnaskólinn Reykjanesi, Einarshús Bolungarvík, Miðstræti 3, Bolungarvík, Íbúðarhúsið í Eyrardal, Álftafirði, Verslunin Bræðurnir Eyjólfsson á Flatseyri, Vatneyrarbúð á Patreksfirði, Pakkhúsið Vatneyri, Gamla prestssetrið Brjánslæk, Vélsmíðja Guðmundar J. Sig-

urðssonar og Sildarverksmiðjan Djúpavík. Í þeirri úthlutun fengu einnig Patreksfjarðarkirkja, Staðarkirkja, Aðalvík og Bildudalskirkja styrki, en sú síðastnefnda fékk hesta styrkinn eða 5 milljónir. Þessir styrkir nema rúmum 40 milljónum króna.

Minni styrkir til húsa á Vest-

fjörðum fóru til Vertshúss í Flatey, verslunarhússins í Hæsta kaupstað á Ísafirði, Herkatalans á Ísafirði, Mjallargötu 5 á Ísafirði, Dunhaga á Tálknafirði, gamla bæjarins á Sveinsseyri, Brekkugötu 8, Fjarðargötu 5 og Fjarðargötu 8 á Þingeyri, Steinhússins á Hólmavík og hákarlahjalls á Reyðar-

hleinn, lægstu styrkir í þessum flokki námu 200 þúsundum og sá hæsti var 600 þúsund.

Nokkrar friðaðar kirkjur að auki fengu styrki frá Húsafriðunarnefnd en þar fékk stærstan styrkinn Hólskirkja í Bolungarvík eða 900 þúsund krónur. Aðrar kirkjur sem fengur styrki eru: Gufudals-

kirkja, Eyrarkirkja í Seyðisfirði, Staðarkirkja Staðardal og Bænhúsið í Furufirði.

Nokkur friðuð hús á Vestfjörðum fengu að auki styrki: Miðkaupstað á Ísafirði, Gamla Faktorshúsið Neðstakaupstað, Edinborgarhúsið og Riis-hús Borðeyri sem fékk hesta styrkinn eða 1 milljón króna.

# Velheppnaðir styrktartónleikar

Tæplega 350 manns sóttu styrktartónleika sem haldnir voru í Ísafjarðarkirkju í síðustu viku og söfnuðust alls 400 þúsund krónur. Tónleikarnir voru liður í Sólrishátíð Menntaskólans á Ísafirði en af-rakstur þeirra rann til styrktar Örnú Sigríði Albertsdóttir og Guðbjörtu Lóu Sæmundsdóttir sem báðar eru namar við MÍ. „Satt að segja kom það mér ekkert á óvart hve margir komu á tónleikana. Það er bara þannig með Ísfirðinga að þegar að eitthvað svona er sett upp þá er það alltaf vel sótt. Það sem skipti mestu máli fyrir okkur í Sólrishatíð

var að sjá hvað fjölskyldur Örnú og Guðbjartar Lóu, og hún sjálf, nutu sín vel“, segir Gunnar Atli Gunnarsson, formaður Sólrishatíðar. Eins og kunnugt er há báðar stúlkurnar hetjulega baráttu en Arna Sigríður lenti í skíðaslysi í Noregi í lok desember og Guðbjört Lóa hefur barist við krabbamein í um fjögur ár. Söfnunarféð var afhent Guðbjörtu Lóu og Óskari Albertssyni, bróður Örnú Sigríðar, að loknum tónleikum. Fram komu Friðrik Ómar og Helga Margrét Marzelliusardóttir en Benedikt Sigurðsson var kynnir. Þá kom bolvíski tónlistarmaðurinn

Birgir Olgeirsson frá Reykjavík til að fylla upp í skarðið fyrir Ellen Kristjánsdóttur og Eyþór Gunnarsson sem forföll-uðust. „Ég vil fyrir hönd Sólrishatíðar þakka þeim listamönnum sem komu fram í gær kærlega fyrir þeirra framlag, og auðvitað þeim sem sóttu tónleikana og gerðu þessa kvöldstund svona eftir-minnilega. Einnig vil ég þakka Benna Sig fyrir að kynna tónleikana en hann stóð sig með stakri þrýði, og auðvitað starfsfólki Ísafjarðarkirkju fyrir að lána okkur kirkjuna“, segir Gunnar Atli. – [thelma@bb.is](mailto:thelma@bb.is)



Guðbjört Lóa Sæmundsdóttir, Óskar Albertsson og Gunnar Atli Gunnarsson við afhendingu söfnunarpeninganna.

# Segir forsætisráðherra gera sér grein fyrir alvarleika ástandsins

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar hefur fundað með forsætisráðherra, Geir H. Haarde, vegna tillagna sem bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt og lagt fram um flutning 100 opinberra starfa til Ísafjarðar, og fleira sem tengist málefnum Ísafjarðarbæjar. Segir Halldór fundinn hafa verið mjög góðan og að forsætisráðherra geri sér grein fyrir alvarleika málsins og vilji vinna með mönnum hér vestra að þróun nýrra tækifæra. Til stendur að fara nánar yfir þau mál á næstu misserum.

„Á fundinum lagði ég áherslu

á jöfnun flutningskostnaðar þannig að fyrirtæki séu jafnsett gagnvart inn- og útflutningi hvar sem þau eru staðsett á landinu“, segir Halldór. „Þetta tel ég eitt það mikilvægasta sem hægt er að gera. Það eykur samkeppnishæfni svæðisins og tryggir betur fyrirtækin okkar og rekstur þeirra. Það gefur okkur ný tækifæri varðandi landanir fiskiskipa og fleira.“

Þá kynnti Halldór fyrir forsætisráðherra norskt byggðaverkefni sem nefnist „tiltaksónen“, en á því svæði greiða atvinnurekendur m.a. lægra tryggingargjald til ársins

2013, boðið er upp á niðurgreidd námslán, hærri barnabætur og hærri persónuafslátt. „Mín skoðun er sú að stjórnvöld eigi að skoða svona möguleika til eflingar okkar landsbyggð. Í því felast mörg ný tækifæri.“ Benti Halldór forsætisráðherra m.a. á heimasíðu átaksins.

Halldór segir að margir hafi samband við sig með hugmyndir í atvinnumálum sem þeir vilji vinna að eða koma á framfæri. „Það er hugur í fólki og það vill takast á við þær aðstæður sem nú eru uppi - enda er ekkert annað að gera. Við verðum að einblína á tæki-

færin í svona stöðu og vera þess minnug að margt er að ganga upp þó tímabundnir erfiðleikar séu á öðrum sviðum.“ Þá segir Halldór að enn sé unnið að hugmyndum um stofnun á nýju fyrirtæki til að bæta upp fyrir flutning starfsstöðvar Marels. „Hluti starfsmanna er að skoða málin innan sinna raða. Atvinnuþróunarfélagið heldur utan um málið f.h. Ísafjarðarbæjar. Ýmsar hugmyndir hafa verið ræddar og ábendingar komið víða að um hugsanlega framleiðslu.“

Þá segist Halldór hafa mikla trú á 3X Technology, og þeim breytingum sem þar eiga sér

stað um þessar mundir. „Ég óska 3X Technology til hamingju með þær áætlanir sem fyrirtækið hefur kynnt í tengslum við breytingu á hlutfjár-eign. Fyrirtækið stefnir á að vaxa mikið hérna áfram sem

er gott fyrir samfélagið okkar. Við höfum séð 3X Stál vaxa frá grunni árið 1994 með góðum árangri. Ég hef mikla trú á fyrirtækinu enda hefur það sýnt sig og sannað frá upphafi.“ – [eirikur@bb.is](mailto:eirikur@bb.is)



**Sýslumaðurinn á Ísafirði**

## Auglýsing um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar vegna alþingiskosninga sem fram fara laugardaginn 12. maí 2007, hefst laugardaginn 17. mars nk.

Kjósa má á skrifstofu embættisins, Hafnarstræti 1, Ísafirði, alla virka daga frá kl. 09:30-15:30 og utan skrifstofutíma, ef nauðsyn ber til, eftir samkomulagi.

Umsókn um atkvæðagreiðslu í heimahúsi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar, skal hafa borist sýslumanni eigi síðar en kl. 16:00 þann 4. maí nk.

Allar nánari upplýsingar veita Harpa Oddbjörnsdóttir eða Kristín Völundardóttir í síma 450 3700, einnig utan skrifstofutíma í síma 846 3200.

Kjósendum er bent á að hafa með sér persónuskilríki.

Ísafirði, 15. mars 2007,  
Sýslumaðurinn á Ísafirði,  
Kristín Völundardóttir.



Allstórt snjóflóð féll úr Traðargili í Hnífsdal rétt fyrir kl. 08 á mánudagsmorgun. Að sögn Arnar Ingólfssonar, snjóflóðaæftirlitsmanns, er flóðið um 350 metra breitt. Flóðið fór niður að gamla veginum að bænum Hrauni. Ekki er vitað til að neinar skemmdir hafi orðið á mannvirkjum. Sama dag var ákveðið að rýma nokkur einbýlishús undir Traðarhyrnu í Bolungarvík vegna snjóflóðahættu. Meðfylgjandi mynd var tekin af snjóflóðinu í Hnífsdal á mánudagsmorgun.

# Verðir laganna

## Sameinað lögregluembætti Vestfjarða

Pann 1. janúar síðastliðinn tók gildi ákvörðun Alþingis um að fækka lögregluumdæmum á landinu úr 26 í 15 og urðu Vestfirðir samkvæmt því að einu lögregluumdæmi. Falla því lögregluumdæmi Patreksfjarðar, Bolungarvíkur og Hólmavíkur undir lögregluembættið á Ísafirði, sem skilgreinist sem lykilembætti. Ekki stendur til að fækka lögreglustöðvum í kjölfar breytinga á lögregluumdæmum en samvinna milli umdæma verður aukin og vaktir samræmdar, hvort tveggja til þess að efla löggæslu og lögreglurannsóknir. Sérstaklega er tiltekið í reglugerð að lögregluvarðstofur á Vestfjörðum, utan aðalstöðvar lögreglu á Ísafirði, skuli vera á Patreksfirði, Hólmavík, og í Bolungarvík. Sams konar ákvæði verða í reglugerð um fleiri embætti á landinu.

Efla á minni sýslumannsembættin með flutningi verkefna og starfa frá ráðuneytum og stofnunum til embættanna. Meðal þess sem ákveðið hefur verið er að sýslumaðurinn á Hólmavík annist löggildingu dómtúlka og skjalabýðenda, og er það eina verkefnið sem er flutt á Vestfirði að svo stöddu.

Gert hefur verið ráð fyrir að sett verði á laggirnar stofnun í Bolungarvík þar sem eftirfylgni með óskoðuðum ökutækjum verði sinnt. Erindið mun hafa verið kynnt fyrir ráðherrum síðastliðið haust en samkvæmt upplýsingum frá sýslumanni hefur lítið gerst síðan það var. Fram kom í fundargerð bæjarráðs Bolungarvíkur að Grímur Atlason, bæjarstjóri, hefur rætt formlega og óformlega við þingmenn og ráðherra vegna málsins á síðustu mánuðum.

Þá breytist skipulag ákærvalds þannig að lögreglustjórar eru aðeins með ákærvald í venjulegum lögreglumálum, á milli lögreglustjóra og ríkissaksóknara starfa saksóknarar sem bera ábyrgð á meðferð ákærvalds með vísan til ákveðinna embætta, landshluta eða málaflokka og lúta eftirliti ríkissaksóknara en fá lögreglumenn til samstarfs við rannsókn mála, svo sem efna-hagsbrota.

Heildarkostnaður við fjölgun starfa og flutning verkefna á borð við miðstöð ættleiðinga, sjóða- og skipulagsskrár, miðstöð fasteignasölueftirlits, útgáfu Lögbirtingablaðsins, málefni bótanefndar, málefni skjalabýðenda, miðstöð eftir-

lits með útfararþjónustu og miðstöð happdrættiseftirlits er talinn nema um 50 milljónum króna á ársgrundvelli.

### Skiptir miklu að vera með nóg af héraðs-lögreglumönnum

Bæjarins besta hafði samband við Önund Jónsson, yfir lögregluþjón á Ísafirði, og spurði hann út í það hvernig breytingarnar gengju.

„Ég vil meina að þetta gangi bara ágætlega, það sem komið er. Þetta er svona smám saman að síga saman. Menn eru ennþá að móta starfið, það fylgir þessu mikil skipulagsvinna. Við höfum sett okkur ákveðin markmið, en engu að síður þarf að móta þetta heilmikið. Þetta getur tekið einhver misseri. Aðstoðarlögregluþjónninn hér, Jón Svanberg Hjartarson, er að fara til Patreksfjarðar og hefur störf þar nú um mánaðamótin.“

– Hversu stórt er embættið, talið í stöðugildum?

„Það eru 21 fast stöðugildi og síðan höfum við raunverulega heimild fyrir 20 héraðs-lögreglumönnum. Við erum að hamast við að fjölga héraðslögreglumönnum, og höfum verið að auglýsa eftir þeim og munum halda því áfram. Við höfum fengið nokkrar umsóknir, sem er hið besta mál.“

– Geturðu nefnt mér dæmi um hvernig þetta kemur praktískt út fyrir stöðvar, til dæmis stöðina á Ísafirði?

„Mesti munurinn er fyrir þá sem eru fyrir utan Ísafjörð. Við getum veitt þeim svo mikla aðstoð. Hinar stöðvarnar hafa nú fengið fastar rannsóknardeildir í sínar heimabyggðir. Þegar stórhátiðir eru og aðrir stórir viðburðir þá höfum við möguleikann á að senda menn frá Ísafirði til að aðstoða. Einn grunnþátturinn í þessari aðstoð er að vera með nóg af héraðslögreglumönnum. Starfið byggist svo mikið á þessum hjálparmönnum okkar sem koma inn þegar mikið álag er, því að þetta er ekki stór hópur sem er á vakt á hverjum stað. Sem dæmi má nefna að á þessum tíma árs er mikið um þorablót, og þau eru kannski 10 talsins á öllu svæðinu. Ef við segjum að við séum með tvo lögreglumenn á hverjum stað, þá eru alls 20 manns á vakt og það gengur ekki upp í lögregluliði sem telur 21 mann. Þá getum við kallað til héraðslögreglumennina, og erum þá komnir með talsvert



### Lögreglustöðin á Ísafirði.

af mönnum út til að vinna. Á þessum tíma árs erum við með allan þann mannafla úti sem við getum.“

### Umdæmið örlítið minna en Ísrael

„Það hefur verið viðmiðun-arræla að það væru fimm héraðslögreglumenn í hverju embætti og þetta eru fjögur embætti. Ég ætla að sjá til hvað okkur tekst að ráða. Ég vil að við höfum að lágmarki einn héraðslögreglumann í hverju þéttbýli hér á Vestfjörðum. Þetta er það viðfæðmt svæði. Eftir skoðar landakortið sérðu að Vestfjarðakjálkinn er örlítið minni heldur en Ísraelsríki og örlítið stærri heldur en Norður Írland. Það er auðvitað allt annað ástand, en þetta gefur einhverja hugmynd um það hversu ofboðslegt landflæmi þetta er. Í eyðimörkinni í Ísrael bruna menn á milli staða á 120-130 kílómetra hraða, en þú ferð ekki svo greitt hér yfir fjallvegi, sem jafnvel eru hreinlega lokaðir. Þú sérð það að bara til að komast yfir til Patreksfjarðar til aðstoðar, það eru ekki nema 650 kílómetra leið þegar vegurinn er lokaður.“

– Fjarlægir eða fækkar stöðugildum á Vestfjörðum við þessar breytingar?

„Það hefur engin breyting orðið á stöðufjöldanum, við bætum hins vegar við einum aðstoðaryfir lögregluþjóni, og því fjölga stöðugildum um eitt. Svo verða breytingar á yfirmannastöðum þegar tímar líða fram.“

– Hafði þú einhverja hugmynd um það hversu langt aðlögunarferlið verður, þar til það verða komnar einhverjar fastar skorður á embættið?

„Nei, kannski ekki. Við ætlum bara að láta þetta ganga eins hratt fyrir sig og mögulega er hægt. Við viljum hafa þetta þannig að borgararnir verði sem minnst varir við þetta ferli, og ég held að borgarar verði mjög lítið varir við

sýnum okkur meira, að fólk sjái okkur. Við ætlum okkur að veita fólk meira öryggi, og viljum að fólk viti af okkur. Við viljum halda þessum slysalausa landshluta áfram helst þannig að engin slys verði, og gerum okkar besta til að ná því markmiði.“

– Farið þið þá meira út á þjóðvegina?

„Já við höfum verið að fara meira inn í Djúp, sem dæmi. Hólmvíkingar þurfa svo að fara alla leið suður fyrir miðja Holtavörðuhéið. Þetta eru yfir 130 kílómetrar frá Hólmavík, og um tvö fjallvegi að fara til að komast upp á þann þriðja. Þannig að þetta er talsvert mikið.“

– Fjölga eða fækka stöðugildum á Vestfjörðum við þessar breytingar?

„Það hefur engin breyting orðið á stöðufjöldanum, við bætum hins vegar við einum aðstoðaryfir lögregluþjóni, og því fjölga stöðugildum um eitt. Svo verða breytingar á yfirmannastöðum þegar tímar líða fram.“

– Hafði þú einhverja hugmynd um það hversu langt aðlögunarferlið verður, þar til það verða komnar einhverjar fastar skorður á embættið?

„Nei, kannski ekki. Við ætlum bara að láta þetta ganga eins hratt fyrir sig og mögulega er hægt. Við viljum hafa þetta þannig að borgararnir verði sem minnst varir við þetta ferli, og ég held að borgarar verði mjög lítið varir við

það. Ferlið snýst aðallega um að koma málum fyrir á sem hagkvæmastan og bestan máta. Við ætlum hins vegar að halda borgarafundi um allt umdæmið í febrúar. Fyrsti borgarafundurinn á að vera mánudaginn 12. febrúar í Króksfjarðarnesi, síðan ætlum við að fara um allt svæðið frá a til ö og koma við í öllum byggðarkjörnum.“

– Hverjir halda fundina?

„Það er lögreglustjórinn á Vestfjörðum ásamt yfir lögregluþjónum og trúlega verður forvarna- og fræðslufulltrúi með okkur að einhverju leyti. Hann er byrjaður á fullu, hefur m.a. farið og rætt við skólana. Þetta er allt að fara í gang. Þetta er geysileg vinna fyrir einn fræðslu- og forvarnarfulltrúa, því hann er með allan Vestfjarðakjálkann á sinni könnu. Ég er viss um að það er meira en að vera með alla Reykjavíkurborg, því það er ekki höfðafjöldinn sem telur, því þetta eru svo margir staðir sem þarf að koma við á.“

### Sólarhringsvakt í Bolungarvík

– Færast föstu stöðugildin eitthvað á milli stöðva?

„Nei, þau gera það ekki. Það færðist reyndar eitt stöðugildi hingað, einn varðstjóri úr Bolungarvík, en hin halda sér öll. Það er eina breytingin sem átti sér stað. Nú er komin sólarhringsvakt í Bolungarvík, og þjónustan hefur því

aukist geysilega. Núna er starfandi maður þar allan daginn, fræðslufulltrúinn hefur þar aðsetur og situr þar við velfesta daga frá 8 til 4, að lágmarki. Hinn lögregluumaðurinn sem var þar á móti er kominn í lögregluliðið hér, og það er farið til Bolungarvíkur að lágmarki einu sinni á dag, eða vakt. Við höfum verið að fara þangað tvisvar til þrisvar sinnum á sólarhring, og líka á nóttinni, sem var ekki áður því það var bara bakvakt. Núna er því alltaf lögreglumenn til taks. Nú er komin starfandi rannsóknardeild á þessi svæði, sem ekki var áður. Þetta er stóra bótin.“

– Stendur til að gera einhverjar breytingar á fangelsismálum?

„Það er ekkert ákveðið um það. Í sjálfu sér er mjög dýrt að halda úti stóru fangelsi í Bolungarvík og líka öðru hér við hliðina. Það eru sex fangaklefar hér, og þrjár í Bolungarvík. Reyndar er einn þeirra mjög stór. Við erum að skoða þessi mál, hvernig farið verður með þetta. Leigukostnaðurinn er geysilega mikill, það eru Fasteignir ríkissjóðs sem eiga þetta, þannig að þær koma koma svoltið inn í þessa ákvarðanatöku.“

– Kemur þá jafnvel til greina að fækka fangelsum?

„Þetta eru bara hlutir sem við erum að skoða. Við erum ekki búin að taka neina ákvörðun um það.“

– eirukur@bb.is

20 ÁRA



# Góð ávöxtun vegur þungt

– og þar erum við á toppnum!

## Sjóðastýring ÍV

er kjörin leið til að fjárfesta í hlutabréfa- og skuldabréfasjóðum. Sérfræðingar ÍV stýra eign viðskiptavina eftir aðstæðum á markaði og eru þrjár mismunandi fjárfestingarstefnur í boði.

## Eignastýring ÍV

er góð leið til að fjárfesta í hlutabréfa- og skuldabréfasjóðum ásamt einstökum félögum. Sérfræðingar ÍV stýra eign viðskiptavina eftir aðstæðum á markaði og eru þrjár mismunandi fjárfestingarstefnur í boði.

## Íslensk verðbréf hf.

er sérhæft eignastýringarfyrirtæki sem stýrir um 90 milljörðum króna fyrir einstaklinga og fagfjárfesta. Félagið byggir á traustum grunni og fagnar 20 ára afmæli á árinu.

## Hafðu samband

til að fá nánari upplýsingar



ÍSLENSK VERÐBRÉF  
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAGI

## Erlendum ríkisborgurum fjölga lítið

Erlendum ríkisborgurum búsettum á Vestfjörðum fjölgaði um 27 frá 1. desember 2000 til 1. desember 2006, úr 501 í 528, eða um 5,3%. Þó að íbúum Vestfjarða hafi almennt fækkað nokkuð á þessu tímabili eykst hlutfall erlendra ríkisborgara ekki svo mikið. Árið 2000 voru erlendir ríkisborgarar 6,1% Vestfirðinga, en árið 2006 var hlutfallið ekki nema komið upp í 7,1%, þrátt fyrir að íslenskum ríkisborgurum á Vestfjörðum hefði fækkað um 709 manns, eða um 9,3% á þessum sex árum. Íslenskum ríkisborgurum á Vestfjörðum hefur því fækkað um töluvert fleiri einstaklinga á tímabilinu heldur en nemur öllum erlendum ríkisborgurum á svæðinu.

### Ritstjórnargrein

## Lifi Vestfirðir!

„Tímabært er að þetta landsvæði njóti jafnræðis við aðra landshluta varðandi samgöngur, fjarskipti, flutningskostnað, menntunarkosti og almenn skilyrði í atvinnulífi. Til þess þarf ákvarðanir um framkvæmdir í samgöngumálum, tilfærslu verkefna á vegum hins opinbera, aðgengi að fjármagni og síðast en ekki síst skilning og velvilja þeirra sem í umboði almennings taka ákvarðanir sem varða atvinnu- og búsetuskilyrði hér. Vestfirðir þurfa tímabundinn forgang þar til fullum jöfnuði við aðra landshluta er náð.“ Svo sagði í tilkynningu um fund um atvinnumál á Vestfjörðum sem þverpólitískur hópur almennra borgara á Ísafirði efndi til síðast liðinn sunnudag.

Greinilegt var að fjölmennum hópi frummælenda á fundinum svað mótur í brjósti; undiraldal fundarins var þungur. Einar Hreinsson, einn frummælenda, kvað íbúum Vestfjarða ekki hafa fjölgað síðan á árunum 1970 til 80 og þá fyrir aðgerðir stjórnvalda og stefnu þeirra: „Síðan hefur ekkert skeð. - Enda ekki verið vilji til þess fyrir hendi hjá stjórnvöldum. Og ég fullyrði að það er ekki til þess vilji nú. - Það stendur ekki til að rétta okkar hlut. - Við erum ekki með.“ Og Einar bætti við: „Enginn núverandi stjórnvaldaflokkur ætlar svo mikið sem að lyfta litla fingri til að efla byggð á Vestfjörum sérstaklega. Árleg innspýting ríkisins er tæplega andvirði blokkaribúðar á höfuðborgarsvæðinu og árangurinn eftir því.“ Ólafur B. Halldórsson, fiskverkandi, skóf heldur ekkert utan af hlutunum þegar hann sagði „heilsársbyggð á Vestfjörðum ekki eiga eftir nema tvo til þrjú áratugi ef ekki fengjust bætur fyrir þann samdrátt fiskveiðiheimilda sem orðinn væri.“ Og Ólafur spurði: „Er til of mikils ætlast að skila til Vestfirðinga þeirri auðlind sem af þeim var rifin með opinberum aðgerðum og leitt hafa til byggðarhruns, þvert ofan í skjalfastan tilgang laganna?“

Framtak fólksins sem stóð fyrir fundinum í Hömrum var meira en tímabært. Fólk er nóg boðið. Það vantar ekki að skálað hefur verið fyrir alls kyns samingum milli ríkisvalds og sveitarfélaga; pappírur sem í flestum tilfellum tóku að rykfalla um leið og gosið í ánægjuskálinni gufaði upp; samningum, sem ríkisvaldið skýlir sér á bak við.

BB hefur ítrekað bent á að Vestfirðir voru ekki til á landakorti valdhafanna þegar „hringvegurinn“ um Ísland var dreginn. Við vorum ekki með þá! Nú, góðum þremur áratugum síðar eru Vestfirðingar ekki enn komnir í boðlegt vegasamband við „hringveginn“! Við erum enn ekki með!

Það var hart barist gegn því á sínum tíma að Vestfirðingar fengju menntaskóla. Sigur í því máli vannst með órofa samstöðu heimamanna. Nú er nauðsyn á slíkri samstöðu á ný til sóknar í háskólamálinu sem og öllum öðrum málum er varða framtíð vestfirskra byggða.

Látum fundinn í Hömrum marka upphaf sóknar! Við eigum heimtingu á að vera með!

s.h.

### Á þessum degi fyrir 23 árum

## Fjör færirst í atvinnulífið á Bíldudal

Sölvi Bjarnason hóf veiðar frá Bíldudal þann 3. mars síðastliðinn. Togarinn landaði 86 tonnum eftir fjögurra faga úthald og í dag er togarinn aftur að landa 90-100 tonnum.

Koma Sölva Bjarnasonar hefur fært mikið fjör í atvinnulífið hér á Bíldudal. Auk þess sem togarinn skapar hráefni fyrir frystihúsið eru átta bátar sem stunda rækjuveiðar. Eina bátur sem stundar rækjuveiðar.

Rækjuveiðar hafa gengið treglega en rækjan þykir góð til vinnslu. Höpudiskurbátur má veiða þrjú tonn á dag og er yfirleitt kominn að landi á hádegi með það aflamagn.

Hér eins og annars staðar hefur breytt til betri tíðar og má segja að snjólítið sé í byggð en sjáanlega mikið leyst til fjalla. Rostungurinn sem kom hingað á dögnum er nú á brott.

## Þorleifur frá Holti sást í Englandi

Önfirski jaðraninn Þorleifur sást á Suður-Englandi 2. mars sl. Þorleifur hefur sést á hverjum vetri á S-Englandi síðan hann var merktur við Holt í Öfundarfirði árið 2003. Hann hefur einnig sést stökum sinnum í Frakklandi. Fyrstu fuglarnir eru væntanlegir til norðanverðra Vestfjarða upp úr 20. apríl og má búast við Þorleifi um mánaðarmótin apríl-maí. Frá þessu segir á vef Náttúrustofu Vestfjarða.



Jóhann Jónasson forstjóri 3X Technology.

## „Verkin tala sínu máli“

Jóhann Jónasson, forstjóri og annar stofnenda 3X Technology, segir kaup Atorku og Straumborgar á 51,1% hlut í 3X Technology, hafa tekið rúm ár. „Fyrir einu og hálfu ári síðan fórum við í stefnumótun þar sem við settumst niður og meltum þáverandi stöðu fyrirtækisins, ræddum og greindum þau tækifæri og þá möguleika sem félaginu bauðst. Síðasta ár var gott að mjög mörgu leyti. Það var stækkun á vörulínu, stækkun á húsnæði, sem er á lokastigi núna, fjölgun starfsmanna og stækkun markaðssvæðis svo eitthvað sé nefnt. Við fengum einnig útflutningsverðlaunin 2006.“

Að sögn Jóhanns þurfti þó

aukinn kraft til að stækka fyrirtækið enn frekar. „Við erum búnir að vera að atast á Evrópumarkaði í þó nokkurn tíma, en okkur vantaði meiri kraft. Það hefði orðið mjög tímafrekt ferli að ná föttestu með allar þessar vörur inn á nýja markaði. ef við ætluðum að halda áfram á þessum hraða sem við vorum á. Til þess að sækja inn á nýja markaði og til að efla félagið þurfum við aukinn fjárhagslegan styrk. Okkur stóð til boða nokkrar leiðir til að verða okkur út um fjármagn, en við lögðum áherslu á að við fengjum til liðs við okkur aðila sem þekktu greinina og umhverfið sem við störfum í, þannig að til viðbótar við fjármagnið fengj-

um við þekkingu inn í félagið. Þetta töldum við okkur finna í bæði Atorku og Straumborgu. Ég vil undirstrika það að við erum að halda áfram á sömu braut, bara aðeins hraðar. Við erum ekki að beygja af neinni leið. Við teljum okkur vera að vinna gott verk. Fyrirtækinu vegnar vel og við viljum bara gefa í. Við erum þekktir fyrir það að stíga mjög varlega til jarðar, við höfum aldrei farið út í neitt sem við höfum ekki haft efni á eða ekki getað staðið undir, það er bara okkar stefna. Verkin okkar tala sínu máli.“

Spurningin sem brennur á vörum allra er hvort til standi að flytja starfseminu burt? „Við förum burt á hverjum

einasta degi. Við komum samt alltaf færandi hendi með verkefni heim aftur. Við þurfum í raun ekki að svara svona spurningum, verkin okkar tala sínu máli.“

Aðspurður um breytingu á nafni fyrirtækisins segir Jóhann: „Til þess að undirstrika áherslurnar sem við höfum gerðum við breytingu á nafninu sem á að undirstrika meginstyrk félagsins. Við höfum ætíð byggt á mjög sterkum tæknigrunni. Því fannst okkur alveg tilvalið að leggja grunninn „technology“ undir nafnið og 3X hvílir sterkt ofaná. Okkur finnst merkið lýsa því mjög vel fyrir hvað við stöndum“

– tinna@bb.is

## Vegurinn um Arnkötludal nær 368 metra hæð yfir sjávarmáli

Nýi vegurinn um Arnkötludal verður 24,5 km langur og fer hæst í um 368 metra yfir sjávarmáli við Þröskulda. Frá þessu er greint í nýjustu Framkvæmdafréttum Vegagerðarinnar en vegurinn var boðinn út í febrúar. Verkinu á að vera lokið 1. september

2009, en tekið er fram að útlögn á neðra burðarlagi eigi að vera lokið 1. desember 2008 og frágangur þannig að hægt verði að heimila umferð um veginn þann vetur.

Eins og kunnugt er tengir vegurinn Reykhólahrepp og Strandir og liggur um Arn-

kötludal og Gautsdal, lítið eitt norðar en núverandi vegslóði um Tröllatunguheiði. Þá hefur verið töluverð umræða um nafn vegarins og skiptar skoðanir um hvort hann eigi að kallast Arnkötluvegur eða Tröllatunguvegur.

„Vegagerðin kallar veginn

enþá Tröllatunguveg í gögnum sínum, en hlýtur að láta af því fyrr eða síðar, enda hlýtur að teljast mjög bagalegt og undarlegt ef heimamenn og ríkisstofnunin sem sér um vegamál kalla einstaka vegi ekki sama nafninu“, segir á strandir.is.

**Útgefandi:** H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 · **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, [bb@bb.is](mailto:bb@bb.is) · **Blaðamenn:** Eiríkur Örn Norðdahl, símar 456 4694 og 845 2685 [eiririkur@bb.is](mailto:eirikur@bb.is) – Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, [thelma@bb.is](mailto:thelma@bb.is) – Anna Sigríður Ólafsdóttir, símar 456 4680 og 860 6062, [annska@bb.is](mailto:annska@bb.is) · Tinna Ólafsdóttir, sími 868 5963, [tinna@bb.is](mailto:tinna@bb.is) · **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, [halldor@bb.is](mailto:halldor@bb.is) · **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 300 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. · **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. · ISSN 1670 - 021X



**30% afsláttur** **489** kr/kg  
Verð áður 699 kr/kg  
Heill kjúklingur frá Matfugli

# Úrval af helgartilboðum

Fjöldi annarra girnilegra tilboða sem gilda 15. mars - 18. mars

	<p><b>1.193</b> kr Verð áður 1.590 kr</p> <p><b>25% afsláttur</b></p> <p><b>GÓÐI</b></p> <p>Grísahnakki</p>		<p><b>1.444</b> kr/kg Verð áður 2.063 kr/kg</p> <p><b>30% afsláttur</b></p> <p><b>GÓÐI</b></p> <p>Nautasnitset</p>		<p><b>639</b> kr/kg Verð áður 913 kr/kg</p> <p><b>30% afsláttur</b></p> <p><b>GÓÐI</b></p> <p>Dönsk grísabógsteik</p>
	<p><b>149</b> kr Verð áður 224 kr</p> <p>Sun Maid rúsínur 500 gr.</p>		<p><b>1.285</b> kr/kg Verð áður 1.835 kr/kg</p> <p><b>30% afsláttur</b></p> <p>Helgarlamb m/ sólþurrkuðum tómötum og basil</p>		<p><b>4 á verði 3</b></p> <p>Pepsi max 2 ltr.</p>
	<p>Stórt Freyju Ris fylgir fritt með</p> <p>Coca Cola 0,5 ltr. dós</p>		<p><b>20% afsláttur</b></p> <p>Knorr bollasúpur</p>		<p><b>199</b> kr/kg Verð áður 319 kr Græn vínber</p> <p><b>119</b> kr Verð áður 187 kr Sellery stíkar 200 gr.</p>

**Samkaup** **úrval**

## Grunnskólanemendum fækkar

Alls voru 1.147 nemendur skráðir í grunnskóla á Vestfjörðum í október á síðasta ári. Árið á undan voru þeir lítið eitt færri eða 1.190. Það gerir 3,6% fækkun á milli ára. Fjölmennasti árgangurinn var 7. bekkur sem taldi 134 einstaklinga. Næstfjölmennastur voru 5. bekkur og 3. bekkur, sem báðir töldu 126 nemendur; 124 nemendur voru í 6. bekk og 9. bekk; 120 nemendur í 8. bekk; 103 nemendur í 10. bekk; 99 nemendur í 1. bekk og 4. bekk, og 92 nemendur í 3. bekk. Þessar tölur komu frá Hagstofu Íslands og miða við fjölda nemenda í október.

## Kviknaði í hjólaskóflu

Kalla þurfti út slökkvilið þegar eldur kom upp í hjólaskóflu sem var við mokstur í Hnífsdal um miðja síðustu viku. Slökkviliðið fékk tilkynningu um eldinn kl. 07:23, en þegar komið var á staðinn hafði öllum tekist að slökkva eldinn af sjálfsdáðum. Ekki er vitað út frá hverju eldurinn kviknaði. Að sögn eiganda hjólaskóflunnar er skemmdirnar töluverðar, en hún er nýleg og atburðurinn því sérstaklega sár.

# Ekki spurning um hvort heldur hvenær strandsiglingar hefjast að nýju

Strandsiglingar á Vestfjörðum munu hefjast aftur, það er ekki spurning um hvort heldur hvenær. Þetta segir Ragnar M. Traustason, eigandi Sæskipa ehf. sem ráku strandsiglingaskipið Jaxlinn, sem hætti siglingum í október 2005. „Það þarf að koma á strandsiglingum“, segir Ragnar. „Menn verða að fara að opna augun fyrir því, ríkisstjórn og ráðamenn. Ég held reyndar að heimamenn séu alveg búnir að opna augun fyrir þessu.“

Þá segir Ragnar stóru flutningafyrirtækin hafi of mikil itök á flutningamarkaðinum. „Þau sinna þessu vel á sinn hátt, en landflutningarnir kosta of mikið. Fyrirtækin standa ekki undir því að greiða miklu hærra gjald en greiða þarf fyrir flutning til annarra staða.“ Samkvæmt skýrslu sem unnin var fyrir sjávarútvegsklasa fyrir fáeinum mánuðum er 25% dýrara að flytja eitt tonn af vörum til Ísafjarðar en Hornafjarðar þó vegalengdin sé sú

sama.

„Skip eru ídeál flutningskostur fyrir Vestfirði“, segir Ragnar. „Það er langt að keyra þessar vegalengdir en stutt að sigla. Strandsiglingarnar koma aftur, það er bara spurning um tíma. Þær koma aftur því þær eru hentugar.“ Á sínum tíma stóð til að kaupa nýtt strandsiglingaskip í stað Jaxlins en fallið var frá því þegar ekki fékkst staðfesting frá nógu mörgum aðilum um að þeir myndu nýta sér nýja skipið.



Flutningaskipið Jaxlinn.

# Segir skýrslu um flutningskostnað byggða á röngum forsendum

Kristín Hálfhánsdóttir, rekstrarstjóri Sæskipa á Ísafirði, segir skýrslu þá sem vitnað er í, í frétt hér á síðunni, þar sem segir að 25% dýrara sé að flytja eitt tonn af vörum með flutningabil til Ísafjarðar en til Hornafjarðar þó vegalengdin sé sú sama, byggja á röngum forsendum. Í fréttinni er við Ragnar M. Traustason, fyrrverandi útgerðarmann strandsiglingaskipsins Jaxlins, sem sagði flutningskostnað meiri eftir vegum til Vestfjarða en á aðra staði. Í fram-

haldi af ummælum Ragnars var vitnað til áður nefndrar skýrslu sem gerð var fyrir sjávarútvegsklasa.

„Í umræddri skýrslu, sem er BS ritgerð frá háskólanum á Bifröst, er þessu haldið fram og niðurstöður byggðar á þeim forsendum“, segir Kristín. „Þessar forsendur er einfaldlegar rangar þar sem ekki er sama vegalengd frá Reykjavík til Ísafjarðar og Hornafjarðar. Höfundur skýrslunnar gerði mistök í sínum útreikningum og gerði ráð fyrir styttri leið



Kristín Hálfhánsdóttir, til Ísafjarðar yfir Þorskaftararheiði sem eru 458 km. Flutn-

ingabilar aka ekki þessa leið sem er aðeins opin yfir sumar mánuðina, en þurfa oft að aka út fyrir Reykjanes sem gerir meðalvegaleið á árgundvelli um 515 km. Það gerir meðal vegaleið um 57 km lengri til Ísafjarðar en til Hornafjarðar frá höfuðborginni.

Þá segir Kristín að auk þess sé flutningaleiðin miklu erfiðari á allan hátt. „Það er yfir margar heiðar að fara, af því leiðir meiri olíueyðsla, mikið er um þungatakmarkanir og

mikið meiri ófærð heldur en menn þurfa að glíma við á sléttlendinu sunnanlands. Þessar flutningaleiðir eru því á engan hátt sambærilegar í slíkri úttekt.“

Kristín segir einnig að í júlí síðastliðnum hafi verið haldinn fundur um forsvarsmönnum sjávarútvegsklasans og fulltrúum Eimskipa og Sæskipa þar sem þessi mál voru rædd og að mönnum hafi þar verið bent á þessa villu í skýrslunni. „Á sama fundi voru lagðir fram útreikningar sem

sýndu að 25% dýrara væri að reka flutningabil á leiðinni vestur til Ísafjarðar heldur en til Hornafjarðar. Þeir sem láta sig þessi mál varða og fjalla um þau á opinberum vetvangi verða að gæta þess að nota réttar upplýsingar í sínum málflutningi. Það má vera að ókunnugleiki háskólanema á Bifröst á aðstæðum á Vestfjörðum sé skiljanleg, en slíkt á ekki að henda þá sem eru beinir þátttakendur í atvinnugreininni.“

– eirikur@bb.is

## STAKKUR SKRIFAR

# Nýja Vestfjarðaáætlun?

Vestfirðingum finnst á sig hallað. Íbúum fækkar, fyrirtæki eru seld og þrátt fyrir loforð um annað er starfsemi flutt af svæðinu. Hugvit skortir ekki fremur en peningavit. Fyrirtæki sem byggja á hátækni eru sett á fót og starfa um hríð áður en þau eru seld að hluta eða í heilu lagi. Marell keypti Póls hf. Loforð voru gefin þess efnis að starfsemi yrði ekki flutt frá Ísafjarðarbæ. Söguna þarf ekki að rekja. Hún er fersk í huga allra sem að koma. Fyrirtækið 3X Technology hefur verið selt að hluta, meirihluta. Framtíðin mun leiða í ljós hvað þar gerist. Margir muna eftir kaupum Samherja á skuttogara, Guðbjörgu ÍS 46. Hvað viljum við? Hvað er til ráða?

Borgarfundurinn um síðustu helgi á Ísafirði gefur glöggt til kynna áhyggjur íbúa í Ísafjarðarbæ. Fólk er uggandi um framtíð sína og kennir stjórnvöldum um. Að þessu sinni reyndar eingöngu ríkisstjórn, en lætur ógert að fjalla um hlutverk stjórnvalda heima fyrir. Þar situr bæjarstjórn kjörin af íbúum sjálfum. Sett er út á það að samgöngubætur gangi hægt fyrir sig. Þess er krafist að nú verði málefni Vestfirðinga sett í forgang. Gagnrýni á úrbætur í samgöngumálum kann að eiga rétt á sér. Þó skal því ekki gleymt að Vestfjarðagöng voru gríðarlegt átak 1991 og þau hafa verið í notkun rúman áratug. Miklar væntingar fylgdu jarðgöngunum. Allt átti að verða betra. Vinnumarkaður átti að stækka, líf fólks að batna og artvinnustarfsemi að blómstra. Flestir málsnetandi menn töldu að fækkun íbúa myndi stöðv-

ast. En því miður og illu heilli gerðist það ekki. Íbúum Ísafjarðarbæjar fækkar hægt að visu, en bitandi.

Þegar illa gengur er liðan fólks ekki góð. Oft leitum við sökudólga og teljum gjarnan að okkur hafi tekist að finna þá. Sú er niðurstaða borgarafundarins áður nefnda. En er það rétt að samgöngubætur séu litlar og komi seint á Vestfjörðum? Svar ættu engir að kunna betur en Vestfirðingar sjálfir. Boðin hefur verið út gríðarlega mikil framkvæmd, samgöngubót í Ísafjarðardjúpi, brú yfir Mjóafjörð og önnur yfir Reykjafjörð. Þegar hefur verið hafist handa. Er þetta gagnrýni vert? Lesendum er látið eftir að svara því, hverjum fyrir sig. Jarðgöng eru á döfinni undir Óshlíð tveimur áratugum eftir miklar úrbætur sem íbúar gátu þá ekki beðið eftir. Er það aðfinnsluvert? Svári hver fyrir sig. Loks eru miklar vegabætur eru á döfinni í Barðastrandar-sýslu austanverðri og úr Strandasýslu í Geiradal. Er það vert gagnrýni og aðfinnslu?

Auðvitað viljum við meira. Þá er hollt að minnst þess að Vestfjarðaáætlun, mikil og vel unninn á sjöunda áratugnum, varð ekki til þess að halda byggð í Ísafjarðardjúpi. Skiljanlegt er að margir fyllist óþolinmæði, gremju og jafnvel reiði. Ljóst er að ekkert af þessu þrennu leysir vandann. Nýrrar hugsunar er þörf. Hún kemur ekki að utan eða ofan. Hún á sér rætur í heimabyggð, en kostar mikla vinnu.

**Stakkur** hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.





Gunnar Veturliðason við moksturstaekið.

## Þrjú stór snjóflóð féllu á Kirkjubólshlíð í Skutulsfirði

Þrjú snjóflóð féllu úr Kirkjubólshlíð í Skutulsfirði á miðvikudagsmorgun í síðustu viku. Tvö þeirra féllu fyrir utan bæinn Höfða í Engidal og eitt féll á varnargarðinn fyrir ofan sorpbrennsluna Funa. Flóðið sem féll fyrir ofan Funa var nokkuð stórt og kraftmikið.

Ólafur Prebensson, stöðvarstjóri Funa segir að ljóst sé að varnargarðurinn hafi bjargað sorpbrennslunni frá miklum skemmdum, en flóðið féll að mestu á garðinn. Einhver snjóspýttist þó yfir hann og lenti inni í sorpgryfju hússins, en hurðin þangað inn var opin.

Gunnar Veturliðason, starfsmaður Funa, var að moka planið milli sorpbrennslunnar og varnargarðsins þegar flóðið féll. Spýjan sem slettist yfir garðinn fór yfir moksturstaekið sem Gunnar var í og því slapp hann ómeiddur. Ólafur segir að tjón vegna flóðs-

ins sé lítið, aðeins hafi nokkrar girðingar farið og hluti af rotþró brotnað.

Ólafur Prebensson ítrekar að varnargarðurinn hafi margborgað sig, en flóðið hefði líklega stórskemmt húsið ef garðurinn væri ekki til staðar.

– tinna@bb.is



Flóðin tvö sem féllu fyrir utan bæinn Höfða.

## Máli vegna fjárvika vísað frá dómi

Héraðsdómur Vestfjarða hefur vísað frá dómi máli lögreglunnar á Vestfjörðum þar sem réttað var yfir manni fyrir fjárvik. Var manningnum gefið að sök að hafa framvísað hjá umboði Tryggingamiðstöðvarinnar hf. á Ísafirði, tilkynningu um tjón á bifreið, sem ákærði útfyllti sjálfur þess efnis að bifreiðin hefði orðið fyrir tjóni er henni var ekið út af vegi í Hestfirði í Súðavíkurbreppi, og þannig fengið tjón-

id bætt hjá félaginu þrátt fyrir að honum væri fullkunnugt um að tjón á bifreiðinni hefði ekki orðið með þeim hætti.

Útgáfudagur upprunalegu ákærunnar var 15. maí 2006. Framhaldsákæra lögreglustjórans á Ísafirði var svo gefin út 9. júní 2006. Voru þá þrjár vikur og fjórir dagar frá útgáfu ákæru í málinu, var þar með þriggja vikna frestur sem gefinn er til að skila inn framhaldsákæru liðinn og taldist

of seint fram komin og var henni af þeim sökum vísað frá dómi.

Í verknaðarlýsingu í ákæru lögreglustjórans á Ísafirði frá 15. maí 2006 kemur ekki fram hver fjárhagslegur ávinningur ákærða af meintu fjárvikabroti hafi verið. Ávinningur ákærða getur ekki talist vera aukaatriði brotsins. Umræddur ágalli á verknaðarlýsingu í ákæru þykir því slíkur að vegna hans verði ekki hjá því

komist að vísa málinu frá dómi. Í dómnum var því ekki talið nauðsynlegt að fjalla um aðrar röksemdir sem ákærði hefur teft fram til stuðnings kröfu sinni um frávisun málsins.

Kristinn Halldórsson, settur héraðsdómari, kvað upp úrskurðinn. Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs verjanda ákærða, Brynjars Nielssonar hrl. – annska@bb.is



FISKISTOFA  
Dalsbraun 1 • 220 Hafnarfirði • Sími 569 7900 • Brefasími 569 7991 •  
<http://www.fiskistofa.is>

## Veiðieftirlitsmaður

Staða veiðieftirlitsmanns við útibú Fiskistofu á Ísafirði er laust til umsóknar. Helstu verkefni útibúsins eru almennt veiðieftirlit til sjós og lands.

Leitað er að einstaklingi sem hefur skipstjórnarmenntun og reynslu af sjávarútvegi. Góð íslensku- og tölvukunnátta eru áskilin. Starfið krefst þess að umsækjendur séu sjálfstæðir og nákvæmir í vinnubrögðum og búi yfir færni í mannlegum samskiptum sem einkennist af sanngirni, háttvísi og fagmennsku. Laun eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna.

Umsóknir ásamt starfsferilsskrám skulu sendar til Fiskistofu merktar „Starf veiðieftirlitsmanns við útibú Fiskistofu á Ísafirði“. Einnig er hægt að enda umsóknir til [gerdurb@fiskistofa.is](mailto:gerdurb@fiskistofa.is). Umsóknarfrestur er til og með 26. mars nk.

Upplýsingar um starfið veitir Eyþór Björnsson, forstöðumaður veiðieftirlitssviðs í síma 569 7900.

Tekið er mið af jafnréttisstefnu Fiskistofu við ráðningar. Umsóknir sem berast að umsóknarfresti loknum verða ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Upplýsingar um Fiskistofu má finna á heimasíðu stofnunarinnar <http://www.fiskistofa.is>.

Hafnarfjörður 7. mars 2007,  
Fiskistofa.



Sýslumaðurinn  
á Ísafirði

## Uppboð á bifreiðum

Eftirtaldar bifreiðar í eigu þrotabús Ágústis og Flosa ehf. verða boðnar upp að Árnagötu 3, Ísafirði, fimmtudaginn 22. mars 2007, kl. 16:00.

1. OH-986 Nissan Double Cab, árg. 03.
2. ZV-763 Opel Astra GL, árg. 96.
3. KX-802 Subaru E12 Van, árg. 93.
4. AG-582 Brenderup eftirvagn, árg. 00.
5. JA-960 Nissan Micra, árg. 00.
6. VG-263 Renault Kangoo, árg. 01.
7. OE-988 Toyota Hiace, árg. 96.
8. SG-351 Toyota HiLux, árg. 90.
9. SA-724 Subaru E12, Domingo, árg. 96.
10. ZS-641 Volkswagen Transporter Syncro, árg. 93.
11. NU-393 Subaru E12 Van, árg. 91.
12. TO-522 Toyota Hiace, árg. 90.

Vænta má að greiðslu verði krafist við hamarshögg.

15. mars 2007,  
Sýslumaðurinn á Ísafirði,  
Una Þóra Magnúsdóttir, fulltrúi.

„Maður vonast auðvitað til þess að fyrirtæki sjái sér áfram hag í að vera á Íslandi, en það verður auðvitað að viðurkennast að þær miklu framkvæmdir sem verið hafa verið í stóriðjunni og þetta mikla peningastreymi sem hefur verið til landsins.“

# Í greipum grimmra mark

Þónokkur áföll hafa dunið á Vestfirðingum í atvinnumálum undanfarnar vikur, og ber þar líklega hæst gjaldþrot verktakafyrirtækisins Ágústs og Flosa og flutningur starfstöðvar hátæknifyrirtækisins Marels til höfuðborgarsvæðisins frá og með 1. september næstkomandi. Auk þessa má nefna að rannsóknastofunni Agar á Ísafirði hefur verið lokað, og til uppsagna hefur komið hjá þjónustuveri Símans á Ísafirði. Líkt og undanfarin misseri er rækjuveiðin í ógöngum.

Nýlega krafðist bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þess að 100 opinber störf yrðu flutt til Ísafjarðar á næstu 2 árum. Ríkisstarfsmönnum á landsbyggðinni hefur ýmist fækkað eða fjöldi þeirra staðið í stað frá árinu 1997, á sama tíma og ríkisstarfsmönnum í Reykjavík hefur fjölgað um tæplega þrjú þúsund, eða sem nemur um það bil íbúafjölda Ísafjarðar í Skutulsfirði. Í orði kveðnu hafa stjórnvöld verið í átaki um fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni í rúman áratug, en í samþykkt stjórnvalda frá árinu 1994 segir: „Opinber þjónusta og starfsemi opinberra stofnana verði aukin á landsbyggðinni en dregin saman á höfuðborgarsvæðinu að sama skapi.“

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, hefur áhyggjur af stöðunni. Bæjarins besta tók bæjarstjórn tali og ræddi hvað megi gera til að bæta stöðuna.

## „Þegar það er samdráttur á ríkið að koma inn“

– Þið hafið krafist þess að 100 opinber störf verði flutt hingað vestur á næstu tveimur árum. Ertu bjartsýnn á að það gangi upp?

„Ég verð nú að vera hrein-skilinn og segja að miðað við okkar reynslu þá þurfa að verða breytingar á afstöðu og aðgerðum til að svo verði, vegna þess að við sjáum að þróunin hefur verið önnur. En miðað við stefnu ríkisstjórnarinnar og ábendingar þeirra um að við verðum sjálf að koma með tillögur þá ætti þetta auðvitað að geta gengið upp, vegna þess að við höfum markað stefnu í fjölda mála-flokk. Iðnaðar- og viðskipta-ráðherra hefur skrifað undir vaxtarsamning við Vestfirðinga og í raun segir allt okkur að það eigi að flytja störf til staðar eins og Ísafjarðar. Öll sú stefnumótun sem hefur farið fram segir til um þetta. Ríkisstjórnarsamþykktin og samþykkt Alþingis á byggðastefnu þar sem Ísafjörður er skilgreindur sem byggðakjarni. Ef við horfum á aðstæður eins og þær eru núna, þá er atvinnulíf að gefa eftir, og hagræðin segir að þá sé hlutverk ríkisvaldsins og opinberra aðila að koma inn. Þegar það er samdráttur á ríkisvaldið að koma inn, og bakka þegar það er þensla.“

– Gamla góða „New Deal“ speki Roosevelts, úr kreppunni miklu?

„Já, já. Og hún er viðurkennend og í fullu gildi enn þann

dag í dag. Það er eðlilegt að ríkisstjórnin bregðist við þessu. Fólk hér þarf að hafa einhverja framtíðarsýn og ríkisstjórnin gæti gefið fólki þá framtíðarsýn að hér verði byggð upp 100 ný störf hjá hinu opinbera. Það róar fólk. Þá sér fólk að það er vilji til athafna, og þá þarf það ekki að hafa áhyggjur af því að það verði frekari samdráttur á svæðinu. Störfum fjölga þá frekar en fækkar. Þá fer fólk að gera eitthvað og þá verður til sköpun.“

– Það er þekkt að þegar áföllin dynja á, og svartsýnin nær tökum þá hefur hún ákveðin margfeldisáhrif út í samfélagið.

„Já, alveg eins og það eru margfeldisáhrif af bjartsýnni. Fólk þarf að hafa vissu fyrir því að framtíðin sé trygg.“

## Flutningskostnaðurinn lykilatriði

– Hvernig geta bæjaryfirvöld og ríki létt starfsskilyrði hins einkarekna atvinnulífs?

„Ég tel að þær samgöngu-bætur sem við sjáum hilla undir muni hjálpa mikið. En ég tel einnig að það sé kominn tími til þess að skoða mjög alvarlega hvort það er hægt að bjóða upp á einhverjar ívilnanir, skattaívilnanir eða innberra aðila að koma inn. Þegar það er samdráttur á ríkisvaldið að koma inn, og bakka þegar það er þensla.“

– Gamla góða „New Deal“ speki Roosevelts, úr kreppunni miklu?

„Já, já. Og hún er viðurkennend og í fullu gildi enn þann

mikill kostnaður við að flytja út og inn úr landinu. Það jafnar mjög samkeppnisaðstöðu. Við sjáum nú að Marel er að fara úr bæjarfélaginu, því miður, og nú er 3X-stál að breytast og ætlar að vaxa með nýjum eigendum. Það hlýtur að vera lykilatriði fyrir fyrirtæki af þessu tagi, sem þurfa að flytja allt til sín og allt frá sér aftur, að það sé sambærilegur kostnaður við inn- og útflutning sama hvort fyrirtækið er á Ísafirði eða einhvers staðar annars staðar á landinu.“

– Maður getur ímyndað sér að núverandi kerfi hvetji beinlínis til þess að starfstöðvar á landsbyggðinni verði lagðar niður.

„Mér finnst eðlilegt að flutningskostnaður sé jafn. Til skamms tíma var þetta þannig að Ísafjarðarhöfn og Akureyrarhöfn voru skilgreindar sem útflutningshafnir. Það var reyndar bara í gjaldskrá Emskípa. En mér finnst að stjórnvöld verði að koma að þessu, það myndi breyta miklu fyrir okkur.“

– Hvaða leiðir telurðu færar fyrir stjórnvöld til að jafna flutningskostnaðinn?

„Ég held það sé tvennt sem þarf að skoða. Annars vegar hvort að það sé hægt að styðja við strandflutninga. Ef að niðurstaðan verður sú að það sé ekki hagkvæmt að styðja strandflutninga eða neitt slíkt, að það sé hreinlega of dýrt að vera með annars vegar strandflutninga og hins vegar með flutningabilakerfi, þá þarf bara að jafna kostnaðinn við flutningabilana. Það þarf að tryggja að flutningskostnaðurinn sé hinn sami, en til þess gæti

þurft að setja á fót einhvers konar jöfnunarsjóð sem niðurgreiðir flutningana. Ríkið þyrfti að standa að þessu og búa sér til reglur sem myndu henta okkar aðstæðum á Íslandi. Ég held þetta sé að mestu spurning um vilja.“

– Á dögnum komu stóru utanbæjarfjárfestar inn í 3X-stál, og maður heyrir kurr utan að sér, sem skýrist kannski að hluta af flutningi Marels. Heldurðu að það sé ástæða til að hafa áhyggjur af því að 3X-stál flytji úr bænum?

„Maður veit auðvitað aldrei með þessi fyrirtæki, hvorki hvort þau lifa eða deyja eða hvort að þau fara. Þú nefndir sjálfur heilu bæjarfélögin erlendis sem að hafa nánast lagst út af. Maður hefur auðvitað svolitlar áhyggjur þegar maður veit að eignarhaldið er einhvers staðar annars staðar. Þess vegna legg ég áherslu á að ytri aðstæður þurfi að verða góðar, það er eðlilegt að flutningskostnaður inn og út úr landinu sé jafn sama hvar þú ert staddur á landinu. Þetta er lykilatriði. Ég vona auðvitað að 3X-stál haldi áfram að vaxa og dafna í okkar umhverfi áfram. Ég er alveg sannfærður um að eigendur 3X-stál vilja það, þeir eru auðvitað mjög miklir Ísfríðingar og telja sig vera að styrkja fyrirtækið fyrir okkur. Ég skil þetta þannig að nú hafi bara verið komið að næsta skrefi, ákvörðun um að láta fyrirtækið ekki stækka, eða halda áfram og stækka. Ég vona auðvitað bara að nýir meðeigendur þeirra sjái sér hag í að reka fyrirtækið áfram í því umhverfi sem það er í. Og þar skiptir máli hvernig staðið er að umhverfi fyrirtækja á landsbyggðinni. Við vitum að ýmis atriði eru góð hér. Það er t.d. ekki mikil starfsmannavelta, fyrirtæki fá stöðugt og gott starfsfólk. Húsnæðiskostnaður er lægri, og álagningarprósenta fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði er lægri á húsnæði á Ísafirði en í Reykjavík. Þannig að það er ýmislegt sem mælir með þessu, en þarna er flutningskostnaðurinn alveg rosalega mikilvægt atriði.“

## Keyptu POLS til að ná sér í verðmæti og losa sig við samkeppni

– Marel lagði niður starfsemi á Ísafirði á dögnum. Hvernig lítur sú ákvörðun út fyrir þér?

„Ég held að þessi eining hér vestra, POLS-einingin, sem er að grunni til frá 1966 og framleiðir fyrstu tölvuvogina áður en Marel er orðið að hugmynd, ég held að hún hafi í raun ekkert breyst frá því að Marel keypti hana og þess vegna hafi Marel ekki þurft að leggja hana niður á rekstrarlegum forsendum. Það hefur í raun ekkert breyst hér. Hér er nánast sama starfsfólkið, aðstæður eru allar þær sömu og þegar þeir keyptu þetta. Þess vegna er ég alveg sannfærður um það sjálfur að Marel hafi keypt þetta til þess að ná sér í ákveðin verðmæti og um leið til að losa sig við ákveðna samkeppni út af markaðnum. Þeir hafa séð sér þennan leik á borði, hafa ákveðið að reka þetta í einhvern tíma á meðan þeir væru að skrapa innan úr fyrirtækinu og núna er kominn tími til að leggja þetta niður. Þeim er alveg sama um samfélagið hérna, svo maður komi nú inn á þessa „samfélagslegu ábyrgð fyrirtækja“, sem Mar-

elsmenn segjast sjálfir stunda. Það hefur hins vegar ekki farið mikið fyrir henni hjá þeim.“

– Eru það ekki bara markaðslögmálin frægu sem að ráða? Það eru þekkt dæmi um það t.d. í Bandaríkjunum að fyrirtæki hafi hreinlega flúið með verksmiðjur sínar úr landi og skilið eftir stærri bæjarfélög en finnast á Íslandi nánast í eyði, í leit að ódýrari starfskilyrðum. Varla er hægt að setja lög um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja, skylda menn til að hafa samvisku?

„Nei, trúlega ekki. Ég nefni þetta af því þeir segja það sjálfir, hjá Marels, að þeir beri samfélagslega ábyrgð. Ef að það er rétt sem maður heyrir að Marel sé að bjóða mönnum jafnvel hærri laun suður í Garðabæ en þeir voru með hér, og styrk til flutnings á búslóð, þá sýnist mér að Marel sé ekki mikið að velta fyrir sér samfélaginu hér.“

– Þetta virðist hálfvonlaust einhvern veginn. Það verður væntanlega alltaf hægt að flytja fyrirtækin til hagkvæmari staðar, og á endanum fara þau þá kannski einfaldlega úr landi og hvað gerum við þá? Við þetta bætist svo að ríki og

bæjarfélög fara að keppast um ívilnanir og búa til skattaparadisir sem enda með því að þeir sem eiga mestu peningana borga minnst til samfélagsins og það lendir á smælingjunum að borga fyrir alla opinbera þjónustu.

„Maður vonast auðvitað til þess að fyrirtæki sjái sér áfram hag í að vera á Íslandi, en það verður auðvitað að viðurkennast að þær miklu framkvæmdir sem verið hafa verið í stóriðjunni og þetta mikla peningastreymi sem hefur verið til landsins. Ekki bara út af stóriðjunni fyrir austan heldur ekki síður vegna þessara miklu framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu, stækkunarinnar uppi á Grundartanga, allra virkjananna hjá Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitunni, og allar þessar húsbýggingar og allt þetta. Þetta ofboðslega peningainnstreymi hefur í för með sér veikingu á útflutningsgreinum eins og hjá okkur. Það bitnar fyrst og fremst á landsbyggðinni. Það er búin að vera mikil þensla og hún bitnar klárlega fyrst og fremst á okkur.“

Þegar maður veltir þessu upp eins og þú gerir fer maður að horfa á það hvar okkar styrkur liggur. Þegar við höfum verið að viðra hugmyndir um hvað eigi að gera hefur verið horft á þessi rannsóknarverkefni til dæmis. Uppbyggingin í þróunarsetrinu og háskólasetrinu er auðvitað að mörgu leyti hugsuð til þess að byggja á okkar styrkleikum. Veðurstofan, Matis með þorskeldisrannsóknirnar, Hafró með veiðarfærarannsóknirnar, HG með þorskeldi og fleiri reyndar. Við höfum skemmtiferðaskipin, við höfum samþykkt landshlutann sem stóriðjulausan, við erum með ferðaþjónustuverkefni, t.d. sjóstangveiðina og stærstu skútu landsins – svona þættir koma upp í hugann þegar maður veltir fyrir sér hvað sé hægt að taka af okkur. Kannski er hægt að taka nánast allt af okkur, nema það umhverfi sem við búum í. Og hvers virði er þetta umhverfi? Við höldum að það sé mikils virði og sé sífellt að verða meira virði.

Hvernig getur umhverfisvæn stefna skapað störf? Það sem virðist skapa störf á Íslandi í dag er óumhverfisvæn

„Ég tel að þær samgöngubætur sem við sjáum hilla undir muni hjálpa mikið. En ég tel einnig að það sé kominn tími til þess að skoða mjög alvarlega hvort það er hægt að bjóða upp á einhverjar ívilnanir, skattaívilnanir eða slíkt.“

# rkaðslögmála

stefna. Eftir því sem þú ert óumhverfisvænni og byggir meira af stóriðju í kringum Reykjavík eða annars staðar, eins og er nú byrjað fyrir austan, þess fleiri störf skaparðu. Eftir því sem þú ert umhverfisvænni, þess færri störf. Ég hef lengi haldið því fram að við eigum að snúa þessu við og þar liggi tækifæri okkar Vestfirðinga.“

– Ertu þá að tala um einhvers konar vistvæna framleiðslu, ferðaþjónustu... eitt hvað þar fram eftir götunum?

„Já, allt slíkt. Það sem ég hef verið að binda vonir við er að með skilgreiningu á landshlutanum sem umhverfisvænum gætum við náð að standa upp úr, skapa okkur okkar eigið gæðamerki. Þannig að landshlutinn sem slíkur sé gæðamerki, og þau fyrirtæki sem vilja starfa undir því gæðamerki, hvort sem þau eru í ferðaþjónustu eða einhverri framleiðslu, hvort sem það er kjötframleiðsla eða fiskframleiðsla, að þau fái þetta merki. Þá erum við komin með eitt hvað sem er algerlega einstakt. Þá erum við með heilan landshluta sem er algerlega einstakur. Þetta er það sem mig hefur alltaf dreymt um að skilgreining á landshlutanum sem umhverfisvænum gæti skilað okkur.“

– Hvernig líturðu þá til dæmis á nýlega lokun rannsóknastofunnar Agar á Ísa-firði?

„Það virðist vera samdráttur í þessum bransa, í rækjunni og svona. Agar er sýnatökufyrirtæki og á sér þá sögu að Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins var ekki lengur heimilt að vera með sýnatökuna út af samkeppnismálum. Þá stofnuðu fyrirtæki hér á svæðinu Agar, en það virðast bara ekki vera næg verkefni fyrir það. Það helst auðvitað í hendur við þetta, maður er ekki sáttur við það, en það helst í hendur við þann samdrátt sem er að verða í atvinnugreininni, sérstaklega í rækjunni auðvitað.“

–Það er kannski lítið í því að gera?

„Í sjálfu sér, það er allavega eitthvað sem maður sá fyrir að gæti gerst, miklu frekar en að Marel myndi sjá ástæðu til að flytja sig til, eða Síminn, þar sem fólk kvartar nú undan að það taki alltof langan tíma að fá þjónustu.“

## Niðurskurður hjá Símanum og niðursveifla hjá verktökum

– Á dögnum gerði Ísa-fjarðarbæjar nýjan samning við Símann og svo er verið að athuga núna hvort hægt sé að segja upp samningum við Símann. Hvað er í gangi?

„Þessi samningur byggir á ríkiskaupasamningnum, og við ætlum að spara svolitíð á honum. Við vorum fullvissuð um að það væru engar breytingar framundan á starfsemi Símans. Við vorum orðin svolitíð hvekkir á Símanum, eftir að hann lagði niður þjónustuver 118, þar sem fólk sem hafði starfað í 30-40 ár var sagt upp. Skömmu eftir að við skrifuðum undir samninginn koma þeir vestur, hálfum mánuði þremur vikum seinna, og segja upp tveimur mönnum sem voru búinir að starfa fyrir Símann árum saman, annar í 22-23 ár, og hinn í 16-17 ár. Á sama tíma er verið að kvarta undan því að það taki of langan tíma að fá þjónustu. Við höfum brugðist þannig við að við ætlum að skoða hvort það sé hægt að segja upp samningnum og leita annarra leiða. Ég er að fara að hitta starfsmenn Vodafone og ræða við þá.“

– Það var fyrir um ári síðan að þjónustuverið var lagt niður, og þá komu starfsmenn Vodafone vestur og rætt var við þá um þetta, ekki satt?

„Jú, jú. Það er alveg rétt. Þá ræddum við við þá. Það var á þeim forsendum að þó að Síminn hafi dregið verulega saman hér vestra þá er hann, eins og staðan er í dag, sennilega með 10 manns í verslun og í þjónustu, en Vodafone er ekki með neinn. Við vildum auðvitað sjá starfsemi á vegum Vodafone á svæðinu á móti, ef við færum að semja við þá. Við viljum auðvitað ekki fara í samninga og viðskipti við Vodafone ef að öll þeirra starfsemi verður einhvers staðar annars staðar, og það verði til þess að Síminn dragi enn frekar saman. Þetta er svolitíð klípa.“

– Ef við veltum fyrir okkur aðeins byggingariðnaðinum hér vestra. Nú er t.d. Ágúst og Flosi ehf. nýfarið á hausinn,

og það virðist ára illa hjá verktakafyrirtækjunum. Maður veltir því fyrir sér hvernig á þessu stendur, því nú hefur verið mikið að gera að undanförmu og er verið að byggja út um allan bæ að manni sýnist. Hvað heldurðu að valdi, og heldurðu að það sé ekki mikil hætt á að margföldunarhrif verði af gjaldþroti fyrirtækja á borð við Ágúst og Flosa, ekki verði hægt að greiða skuldir og þar fram eftir götunum?

„Ég held það hljóti alltaf að hafa margföldunarhrif þegar fyrirtæki verða gjaldþrota. Ég held að þjónustuaðilar á okkar svæði hafi auðvitað lent illa í því á undanförmum árum. Til dæmis þegar rækjuverksmiðjurnar voru að fara. Það hefur eitt og annað orðið til þess að þjónustuaðilarnir hafa átt erfið. Þetta er auðvitað mjög eðlileg spurning: Hvers vegna gengur illa þegar virðist vera uppgangur í byggingariðnaðinum? Maður áttar sig auðvitað ekki alveg á því. Ég get velt upp þeirri spurning: Getur það verið vegna þess að í þessum bransa hafa menn harkað svo lengi af sér, vegna þess að þeir hafa tekið að sér verk á eins lágu verði og þeir mögulega geta, og hafa beitt mjög miklu aðhaldi í rekstri. Svo gerist það að það er útlit fyrir að það geti orðið eitthvað meira að gera, og menn reyna auðvitað að leggja allt á sig til að stuðla að því að svo megi verða og séu þá hreinlega að taka of lágt verð fyrir sína þjónustu.“

Ég held að verktakar hafi verið að leggja allt á sig sem þeir mögulega gátu til að fara í framkvæmdir, til að láta framkvæmdir verða að veruleika, og hafi verið mjög uppteknir að því að vinna samfélaginu gagn. En í rauninni hafi menn kannski ætlað sér um of. Það getur verið ein skýringin. En hún er náttúrulega ekki mjög vísindaleg.“

## Uppgangur og framtíðarvonir

– En ef við vendum okkar kvæði í kross og snúum okkur að því sem betur gengur í samfélaginu hér vestra. Nú virðist manni sem dæmi að fiskvinnslan, að undanskilinni rækjuvinnslunni, gangi til dæmis ágætlega. Þó dálítið



## Grannt fylgst með þungaflutningum

Eftirlit með þungaflutningum á Vestfjörðum verður undir sérstöku eftirliti lögreglu næstu mánuði. Það er liður í tilraunaverkefni í samvinnu við Ríkislögreglustjóra sem nefnist „verkefnamiðuð löggæsla“. Starfsmenn Vegagerðarinnar á Ísafirði taka einnig þátt verkefninu. Þetta er framlag löggæslunnar á Vestfjörðum til að auka umferðaröryggi á vegum þar sem þungaflutningar eru mjög miklir en það verður nýtt til að afla upplýsinga til að greina vanda sem snýr að flutningunum.

minna sé að veiðast er afurðaverð með þeim hætti að það eru að fást meiri peningar fyrir minni fisk, og víða er líka að veiðast ansi vel.

„Það vekur minni athygli en maður hefði haldið að á einu ári skuli unnið úr 8 þúsund tonnum á Flateyri, eins og á síðasta ári, en á því tímabili sem allt þótti í blóma, frá '70-'85, þá var mest unnið úr 5 þúsund tonnum á ári, eftir því sem þeir segja mér Flateyringar. Það fer miklu vinna fyrir þessum atvinnuvegi en gerði og það eru auðvitað miklu færri Íslendingar að vinna við hann. Það eru líka einfaldlega færri að vinna við hann, það eru miklu færri hendur sem vinna úr þessum 8 þúsund tonnum en unnu úr 5 þúsund tonnum. Það eru miklu fullkonnari vélar og svona.

Manni sýnist að það gangi sæmilega í útgerð og fiskvinnslu, en það er auðvitað að verða samþjöppun. Það eru margir sammála mér og margir ósammála, en að mínu mati átti ekki að leggja niður dagakerfið. Ég var á móti því að það yrði lagt niður á sínum tíma. Mér fannst að það hefði átt að fá að vera til staðar til þess að viðhalda ákveðinni breidd í þessu. Byggðalögin fylltust af bátum á sumrin út af þessu kerfi. Maður sér að það er að verða samþjöppun, það er verið að þjappa kvótanum á færri báta, og það er auðvitað ákveðið áhyggjuefni. Mesta áhyggjuefnið er hins vegar það hvort það standi til að skerða eitthvað þorskveiðarnar. Það er mikið áhyggjuefni að ekki skuli ganga betur að byggja upp þorskstofninn.

En það er spennandi að fylgjast með ýmsu, eins og til dæmis þorskeldinu. Vonandi á það eftir að skila hagnaði, en það er auðvitað á tilraunastigi ennþá.“

– Hvað með ferðaþjónustuna? Nú fjölga skemmtiferðaskipakomum mikið á milli ára. Er útlit fyrir að það haldi áfram að vaxa jafn hratt?

„Já, það er allt sem bendir til þess að sá bransi haldi áfram að vaxa. Það er auðvitað mjög jákvætt. Það er vöxtur í skemmtiferðaskipunum og það er vöxtur í fjölda farþega sem kemur. Höfnin fær töluverðar beinar tekjur af þessum skipum, og hluti farþeganna kaupir sér rútuferðir, og hluti kaupir sér ferðir í Vigur. Einnhver hluti þeirra kemur svo kannski ekki í land, og einhver hluti fer og róltir um bæinn. Þetta er auðvitað umhugsunarefni fyrir þá sem eru í ferðaþjónustunni: Hvernig er hægt að bjóða upp á meiri þjónustu og vörur sem þetta fólk vill



kaupa? Það er oft kvartað undan því að þetta fólk vilji ekki kaupa neitt. Ég segi að þarna reyni á hugkvæmni þeirra sem starfa í ferðaþjónustunni. Markaðssetning hafna Ísafjarðarbæjar síðan 1995 er búin að skila því að hingað koma fleiri þúsund farþegar á hverju ári. Þarna eru komin miðin fyrir þá sem eru í ferðaþjónustunni og spurning hvernig þeir ætli að nýta þetta. Að mínu mati er ekki nóg að benda bara á bæinn, bærinn er búinn að skila mjög miklu með þessu átaki. Nú finnst mér að ferðaþjónustan þurfi að horfa inn á við og spyrja: Hvernig getum við gert betur?

Annars virðist vera vöxtur í ferðaþjónustunni, en hún er auðvitað ákaflega árstíðabundið fyrirbæri hjá okkur, og kannski alls staðar.“

– Maður ímyndar sér að launin í desember séu oft borguð með peningum frá í júlí.

„Já, ætli það ekki. Það eru

auðvitað einhverjir sem hafa af þessu heilsársatvinnu og þetta er alltaf aukast, maður vonast bara til að það haldi áfram.

En fyrst við erum að tala um hið jákvæða er rétt að nefna rannsóknasamfélagið. Þó það gangi hægt þá höfum við séð vöxt í rannsóknageiranum, niðri í Þróunarsetri og Háskólasetri. Ég veit ekki hvað stærfin eru orðin mörg en þeim hefur fjölgað lítilllega á hverju ári. Við viljum auðvitað sjá þetta gerast miklu hraðar og þess vegna er nú tilkomin hugmyndin um sjálfstæðan háskóla, það er alltaf talað meira og meira um það.“

– Hvenær heldurðu að sé raunhæft að ímynda sér að slíkt verði komið á koppinn?

„Ég var nú bara að vonast til þess að stjórnmalaflokkarnir myndu setja þetta á dagskrá hjá sér. Ég sé að Framsóknarflokkurinn gerði það á landsfundinum um helgina. Stefnan hefur verið sú að

fjölga ekki háskólum, frekar að sameina þá og efla þá þannig. En mér finnst vera komin full rök fyrir því að það sé sjálfstæður háskóli á Vestfjörðum, með sama hætti og þegar stofnaður var háskóli á Akureyri. Það gæti haft gríðarleg margföldunarhrif. Maður getur bara ímyndað sér hvað það gæti verið gott fyrir fyrirtæki eins og 3X-stál, sem dæmi. Þessi fyrirtæki sem eru í stöðugri vöruþróun og rannsóknunum, þau þurfa á því að halda að vinna með svona háskólastofnun. Í því eru fölginn mikil sóknarfæri.“

### Elgum að trúá á að hægt sé að vinna sig út úr erfiðleikum

– Ef við hnýtum þetta saman í lokin: Ertu bjartsýnn á framtíðina?

„Eins og venjulega? Ég verð eiginlega að koma með smá söguskýringu á því hvers

vegna ég er bjartsýnn. Stundum finnst manni að ekkert gangi upp. Ég held að það sé sú tilfinning sem fólk hefur núna, að það sé svo margt að ganga illa og þess vegna sé kannski engin ástæða til þess að vera bjartsýnn. Það er hins vegar þannig með bjartsýnismenn og svartsýnismenn að báðir hafa rangt fyrir sér, en þeim bjartsýna liður betur með það. Sannleikurinn er svo einhver millivegur.

Ég bjó svo lengi á suðvesturhorninu og horfði á Vestfirðina utanfrá þar til ég flutti aftur vestur '96. Þegar ég horfði á Vestfirðina utanfrá fannst mér Vestfirðingar alltaf vera að segja að það væri ómögulegt að búa fyrir vestan, það væri allt ómögulegt. Það var húshitun og rafmagnskostnaður og það var matvöruverð og ómögulegar samgöngur. Mér fannst allt bara ómögulegt. Þar sem maður sat í skólum hér og hvar í Reykjavík bættu kennarar yfirleitt um

betur og tóku dæmisögur af Vestfjörðum. Hvers vegna það ætti ekki að bora Vestfjarðagöngin og hvers vegna þetta og hitt væri þjóðhagslega óhagkvæmt. Frá þessum tíma hef ég verið á því að það sé betra fyrir okkur að vera jákvæð. Maður á auðvitað að segja satt og maður á að segja ef manni mislíkar, eins og mér mislíkar það sem er að gerast núna. Ég vil að ríkisstjórnin komi til að starfa með okkur. Við eigum líka að segja að við trúum á að við eigum okkur framtíð fyrir vestan, við trúum á að þrátt fyrir erfiðleika sé hægt að vinna sig út úr þeim og finna ný tækifæri. Þannig að þegar allt er skoðað er ég bjartsýnismaður, óþolandi bjartsýnn segir til dæmis pabbi minn. En ég held honum finnst ekkert leiðinlegra að umgangast mig en einhverja svartsýnismenn. Ég tel mig vera raunsæjan, en bjartsýnan.“

– eirikur@bb.is

## Skíðasvæði Ísfirðinga í Tungudal og á Seljalandsdal

# Brýnt að hefja auglýsingaherferð

Brýnt er að hefja strax auglýsingaherferð fyrir skíðasvæði Ísfirðinga að því er fram kom á síðasta fundi stjórnar svæðisins, þar sem lögð voru fram drög að kynningaráætlun um auglýsingar í fjölmiðlum og

netsíðum. Á fundinn mættu fulltrúar Kvinnabrekku og ræddu um sölu árskorta, tilbods korta, páskakorta o.fl. Kom fram að brýnt væri að undirbúa kortasölu vegna Skíðavikunnar í tíma. Fram kom að gestasókn hefur verið

ágæt á skíðasvæðið það sem af er vetrar. Rætt um nauðsyn þess að fjölga vetrargestum frá öðrum landshlutum og vandann samhliða því, ekki síst skort á stöðþjónustu.

Tekið var fyrir bréf frá Margrétu Halldórsdóttur, formanni

SFÍ, þar sem bent var á nauðsyn þess að skíðasvæðið endurnýi skíðahjálma til útlána fyrir börn og hefur forstöðumaður skíðasvæðisins þegar hafid vinnu að málinu. Funda þarf með SFÍ vegna væntanlegra jarðvegsframkvæmda á

skíðasvæðinu í sumar. Jafnframt þarf að tryggja að öll framkvæmdaleyfi liggi fyrir.

Lagt var fram bréf frá Landsbanka Íslands, þar sem skíðasvæðinu var boðin þátttaka í bankakortum fyrir yngri viðskiptavinum.

## 7% Vestfirðinga með erlent ríkisfang

Alls eru búsettir 523 einstaklingar á Vestfirðum með erlent ríkisfang, eða 7% af öllum íbúum, en alls búa 7.461 einstaklingur á svæðinu. Er þetta samkvæmt nýjustu tölum Hagstofu Íslands, en þær miðast við 31. desember síðastliðinn. Langflestir þeirra einstaklinga sem eru með erlent ríkisfang eru með pólskt, 327 manns, eða 4,4% af Vestfirðingum. Langt þar á eftir koma tailenskir ríkisborgarar, sem eru 31 talsins, þá Filippseyingar, 24 talsins, Þjóðverjar eru 21, Eistar eru 13, Danir eru 12, Tékkar/Slóvakar eru 12 og Bretar eru 11. Aðrar þjóðir ná ekki heilum tug, en alls býr á Vestfirðum fólk með 33 ólík ríkisföng, að íslensku ríkisfangi meðtöldu. Langstærstur hluti þeirra erlendu ríkisborgara sem hér búa eru með evrópskt ríkisfang, 441 einstaklingur, eða 85% allra erlendra ríkisborgara á svæðinu. Fæstir eru frá Eyjaálfu, eða 3 talsins. 55 manns eru með asiðkt ríkisfang, 13 með s-amerískt, 7 með afrískt, og 4 með n-amerískt.

# Sextán umsóknir bárust um styrki úr Þróunar- og starfsmenntunarsjóði

Sextán umsóknir bárust um styrki úr Þróunar- og starfsmenntunarsjóði Ísafjarðarbæjar fyrir skólaárið 2005-2006. Umsóknir eru bæði frá einstaklingum og stofnunum hjá Ísafjarðarbæ. Þrjár umsóknir bárust vegna staðbundins náms við Menntaskólann

á Ísafirði í sjúkraliðanami, átta umsóknir bárust vegna fjarnáms við Kennaraháskóla Íslands, ein umsókn vegna staðbundins námskeiðs í íslensku við Fræðslumiðstöð Vestfjarða og ein umsókn vegna fjarnáms í vélfræði við Háskólann í Reykjavík. Auk þess var sótt

um styrk vegna skólagjalda í Sumarskóla FB og Verslunarskóla Íslands við Verkmenntaskólann á Akureyri, um styrk vegna námsferðar starfsmanna leikskólans Sólborgar til Reykjavíkur og um styrk vegna þátttöku starfsmanna leikskóla Ísafjarðarbæjar í námskeiðinu

„Tákn með tali“, en þar er um 50 starfsmenn að ræða.

Stjórn sjóðsins taldi allar umsóknir uppfylla þau skilyrði sem sett eru í reglum sjóðsins um úthlutun styrkja til staðbundins náms eða fjarnáms, sem og umsóknir frá stofnunum Ísafjarðarbæjar.

Stjórnin samþykkti þá að styrkur fyrir skólaárið 2006/2007 fyrir fullt fjarnám verði að hámarki 100.000 kr., fyrir staðbundið nám að hámarki 50.000 kr. og fyrir staðbundið nám og fjarnám tvær annir að hámarki 80.000 kr. Fyrir nám við Fræðslumiðstöð Vestfjarða í íslensku 20.000 kr.

250 þúsund krónur eru veittar vegna námskeiðs leikskóla Ísafjarðarbæjar „Tákn með tali“ og vegna námsferðar

Leikskólans Sólborgar er veittur styrkur að upphæð 60.000 kr. Bæjarritari upplýsti á fundi stjórnarinnar að væntanlegar séu einar þrjár umsóknir frá stofnunum Ísafjarðarbæjar vegna kynnisferða, það er frá Grunnskólanum á Ísafirði, Leikskólanum Eyrarskjóli og frá íþróttta- og tómsundafulltrúa vegna starfsmanna í íþróttamiðstöðvum Ísafjarðarbæjar.

– eirikur@bb.is

## Ísafjarðarbær undirritar samning við Kómedíuleikhúsið á Ísafirði

Kómedíuleikhúsið og Ísafjarðarbær hafa undirritað með sér samning en með honum vill Ísafjarðarbær efla starfsemi leikhússins, sem er eina atvinnuleikhúsið á Vestfirðum. Samningurinn er tvíhliða en upphaflega stóð til að hann yrði þríhliða, og átti íslenska ríkið að vera þriðji aðili, en að sögn Elfar Loga Hannesson hjá Kómedíuleikhúsinu bakkaði ríkið af einhverjum orsökum út í samninguferlinu. Samningurinn gildir til þriggja ára og fær leikhúsið greiddar 1.4 milljón krónur á ári.

Samningurinn skiptist þannig að ein milljón er vinnuframlag sem leikhúsið leysir af hendi fyrir Ísafjarðarbæ og 400 þúsund krónur eru styrkur til leikhússins. Vinnuframlag er af ýmsum toga, eins og ein leiksyning á ári fyrir alla grunn- og leikskóla í Ísafjarðarbæ. Einnig er í samningnum undirbúningur vegna 17. júní hátíðarhalda, sem og vestfirskur húslestur í samstafi við Safnahúsið á Eyrartúni svo eitthvað sé nefnt.



Elfar Logi Hannesson og Halldór Halldórsson bjarstjóri við undirritun samningsins milli Kómedíuleikhússins og Ísafjarðarbæjar.

Elfar Logi segir sérstaklega ánægjulegt að samningurinn nái til þriggja ára. Hann segir samninginn hafa gífurlega þýðingu fyrir leikhúsið og að hann sé mikil hvatning. „Þetta er mjög rausnarleg tala fyrir litið samfélag og Ísafjarðarbær er að sýna mikla viðleitni

í garð atvinnulistar á svæðinu. Sveitarfélagið er að brjóta blað í sögu minni sveitarfélaga á landsbyggðinni með þessum styrk“, segir Elfar Logi og bætir við „Þessi samningur tryggir það líka að leikhúsið geti haldið áfram að dafna og getið haldið úti rekstri á svæð-

inu. Samningurinn er bara mikil gleði og mikill sigur.“

„Kómedíuleikhúsið fagnar 10 ára afmæli á árinu og því má segja að samningurinn sé eins konar afmælisgjöf“ segir Elfar Logi.

– annska@bb.is

## Vill koma á fót ferðapjónustumiðstöð í Edinborgarhúsinu

Rúnar Óli Karlsson, atvinnu- og ferðamálafulltrúi Ísafjarðarbæjar, og Heimir Hansson, forstöðumaður Upplýsingamiðstöðvar ferðamála á Ísafirði, hafa gert það að uppástungu sinni að einskona ferðapjónustuklasa verði komið upp í Edinborgarhúsinu á Ísafirði, þar sem stuðningsumhverfi ferðapjónustunnar og einkageirinn gætu aukið sam-

starfs og upplýsingaflæði með því að vera undir sama þaki. Helst er þar horft til þess að Upplýsingamiðstöð ferðamála, ferðamálafulltrúi, Vesturferðir og Markaðsstofa Vestfjarða hafi aðstöðu í húsinu. Lagt er til að 42 m<sup>2</sup> húsnaði verði tekið á leigu til 5-10 ár, og mun það nýtast auk þess rýmis í húsinu sem nú hýsir Upplýsingamiðstöðina

og Vesturferðir.

Í bréfi sem Rúnar Óli skrifar bæjaryfirvöldum vegna þessa máls segir m.a.: „Ísafjarðarbær gæti náð hluta af leigu og útlögðum kostnaði við innréttingu á húsnaðinu til baka með því að endurleigja hluta húsnaðisins til einkaaðila í ferðapjónustu og menningargeiranum, Hornstrandastofu, Slunkaríkis vegna yfirsetu á syning-

um (sem gætu verið í rýminu eða á göngunum frammi). Ef það tekst að fara þessa leið er ég sannfærður um að þar væri stórt skref stigið í að gera stuðningsumhverfi ferðapjónustunnar á Vestfirðum mun sýnilegra, auka upplýsingaflæði og samstarf, aukin þægingindi fyrir viðskiptavinum og fjármagn nýttist betur.“

– eirikur@bb.is

## Til sölu

Til sölu eru eignir þrotabús Ágústs og Flosa ehf., á Ísafirði. Um er að ræða 562m<sup>2</sup> fasteign að Árnagötu 3, Ísafirði (fnr. 211-9156), þar sem rekið hefur verið trésmiðaverkstæði, öll rekstrartæki þar innan dyra og lager. Einnig doka- og kerfismót, tæki til stein- og malbikssögunar ásamt kerru, tveir vinnuskúrar og tveir verkfæragámar.

Þeir sem hafa áhuga á að gera tilboð skulu gera það fyrir 21. mars nk. Fasteign, rekstrartæki og lager verða seld í einu lagi og skulu tilboð miðast við það. Heimilt er að gera tilboð í einstaka lausafjármuni, þ.e. doka- og kerfismót, tæki til stein- og malbiksögunar ásamt kerru, vinnuskúra og gáma.

Tilboð skulu berast undirrituðum er jafnframt veitir allar upplýsingar. Jafnframt veitir Halldór Eydal upplýsingar í síma 898 1935.

Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna þeim öllum.


Sigmundur Guðmundsson hdl.  
Lögmannshlíð, lögfræðipjónusta ehf.  
Glerárgata 36, Pósthólf 271,  
602 Akureyri.  
Sími 466 2700  
Netfang: sigmundur@logmannshlid.is

## Styrkveitingar

Styrktarfélag fatlaðra á Vestfirðum auglýsir eftir styrkþegum í arfsjóð Neðri Tungu.

Allir proskahamlaðir einstaklingar á Vestfirðum geta sótt í sjóðinn.

Umsóknarfrestur er til 15. apríl og sendist til styrktarfélagssins á pósthólf 288.



*...frjáls stóðan dagur!*

# Bragð sem allir elska

**KS lambabógur**  
Frosinn kílóverð nú: **559** KR.  
Merkt verð 699 KR.

**KS lambalæri**  
Frosið kílóverð nú: **879** KR.  
Merkt verð 1098 KR.

**20% afsláttur**

## Íslenskt lambakjöt á góðu verði!

Bónustilboð í 11. viku 2007

**EKKERT BRUÐ!**

**KS lambahrýggur**  
Frosinn kílóverð nú: **999** KR.

**FROSNAÐ LAMBALUNDIR**  
Kílóverð nú: **2398** KR.  
Merkt verð 2998 KR.

**Lambalundir**

**Lamba fille**

**FROSID LAMBAFILLE**  
Kílóverð nú: **2398** KR.  
Merkt verð 2998 KR.

*Bónus býður betur!*

[www.bonus.is](http://www.bonus.is)

**BONUS** (repeated vertically on the left and right sides)

## Tæp milljón á ári í rekstur fíkniefnaleitarhunda

Kostnaður við að reka fullþjálfaðan fíkniefnaleitarhund er um 800 þúsund krónur á ári og er launakostnaður umsjónarmanns þá ekki talinn með. Þetta kemur fram í svari Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra á Alþingi við fyrirspurn Magnúsar Þórs Hafsteinssonar alþingismanns Frjálslynda flokksins. Í svari ráðherra kemur einnig fram að á árinu 2000 hafi fíkniefnaleitarhundur í landinu verið fjórir en síðan hafi þeim fjölgað og nú séu þeir tíu talsins. Einn þeirra er Dofri sem sinnir fíkniefnaleit fyrir lögregluembættin á Vestfjörðum en hann er staðsettur er á Ísafirði. Dofri tók við af Nökkva í Bolungarvík er hann settist í helgan stein árið 2003. Ríkislögreglustjóri styrkir lögregluembætti á landsbyggðinni, sem hafa leitarhund í sinni umsjá, með mánaðarlegum greiðslum. Þá tekur embættið einnig þátt í kostnaði sem leitt getur af aðstoð við embætti sem ekki hefur á að skipa leitarhundi, einkum þegar mál eru yfirgripsmikil og kostnaður getur orðið hár.



Suðureyri við Súgandafjörð.

## Segir Fjord fishing hafa verið fyrr til að hafna samningum

Eliás Guðmundsson á Suðureyri segist telja sjóstangaveiðifélagið Fjord fishing slæman samningskost þar sem félagið geti ekki lagt fram tryggingar og enga ferðamenn þar sem félagið hafði ekki lengur samning við Vögler's Angelreisen. Eliás fyrir hönd fyrirtækis síns Hvildarkletts á Suðureyri samdi beint við Vögler's Angelreisen án milli-göngu Fjord fishing í síðustu viku.



Eliás Guðmundsson. Verkefnið Fjord fishing og samið beint við þýsku ferða-

skrifstofuna Vögler's Angelreisen í óþökk við fyrirætlanir Fjord fishing. Að sögn Eliásar Guðmundssonar greindi hann frá því í bréfi sem hann sendi til stjórnar Fjord fishing 10. febrúar sl. að Hvildarklettur áskilji sér rétt í samningaferlinu að semja við hvern sem er og því hafi hann ekki verið þeim samningsbundinn á nokkurn hátt.

Að sögn Eliásar var í framhaldinu haldinn fundur á Ísafirði eftir að Vögler's Angelreisen bauð nýjan samning við húseigendur. Á þann fund voru mættir fulltrúar Andree's

Angelreisen og var þá stjórn Fjord fishing að sögn Eliásar búin að taka ákvörðun um að afþakka tilboð fyrri samstarfsaðila, og semja upp á nýtt við Andree's Angelreisen. Eliás segir málið einfalt og þeirrar náttúru að stjórn Fjord fishing hafi sjálf tekið þá ákvörðun um að semja ekki aftur við Vögler's Angelreisen. Að málinu svo stöddu hafi stjórn Hvildarkletts ákveðið að taka við þeim samningi við Vögler's Angelreisen þar sem hann skilar mun meiri tekjum en Fjord fishing gat boðið þeim.

— annska@bb.is

## Alþjóðleg ráðstefna um innflytjendamála haldin á Ísafirði

Ráðstefna um þátttöku og móttöku innflytjenda í dreifbýli verður haldin í Hömrum á Ísafirði dagana 26.-28. mars. „Málefni innflytjenda hafa verið í deiglu upp á síðkastið og margar spurningar vaknað um stöðu þeirra og hvert sé hlutverk stjórnvalda. Ákveðinn ótti hefur einkennt umræðuna m. a. hvort íslenskt samfélag geti tekið við þeim fjölda innflytjenda sem hafa flust til Íslands síðastliðið ár eftir frekari opnun Evrópu“, segir í tilkynningu. Magnús Stefánsson, félagsmálaráð-

herra mun setja Íbúafing sem verður haldið í tengslum við ráðstefnuna þar sem tekið verður á stjórn mála umræðunni. Auk þess verða Einar Kr. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra og breski sendiherrann Alp Mehmet meðal fundargesta. Ráðstefnan er samstarfsverkefni Fjölmenningarseturs og Háskóla Íslands á Vestfjarða. Ráðstefnan hlaut styrk frá Evrópusambandinu í tengslum við vitundavakningu í samfélögum.

Á ráðstefnunni flytja helstu fræðimenn í málefnum inn-

flytjenda og byggðarþróun erindi þar sem ýmsum flötum á þessu máli er velt upp. Meðal fyrirlesara er Philomena de Lima, en hún mun greina frá stöðu farandverkafólks í dreifbýli á Bretlandi. De Lima mun einnig fjalla um orðræðuna sem á sér stað í Bretlandi um þessar mundir. De Lima segir neikvæða orðræðu um innflytjendur oft vatnstengda saman ber flooded og swamp í ensku. Á Íslandi tengist orðræðan einnig vatni s.s. þegar talað eru um „mikið flæði“ af innflytjendum og „striðan

straum“ af erlendu vinnuafli. David Bruce kynnir verkefni í Kanada þar sem markvisst var unnið að því að laða innflytjendur til þeirra sveitarfélaga þar sem fólksfækkun var mikill. Hvað var gert og skilaði það árangri fyrir byggðarlagið? Geta sveitafélög hérlandis nýtt sér reynslu Kanada-manna? Norska fræðakonan Marit Anne Aure segir frá rannsókni sinni á aðstæðum farandverkafólks í norður Noregi á bakgrunni þess og stöðu, af hverju einstaklingur gerist. — helma@bb.is

**TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL**  
**lögiltur fasteignasali**  
 Hafnarstræti 19 - Ísafirði • Sími: 456 3244  
**Guðmundur Óli Tryggvason**  
**lögiltur fasteignasali**  
 Fax: 456 4547 • Netfang: eignir@fsv.is  
 Heimasíða: www.fsv.is

 Sölgata 8, Ísafirði 3-4ra herbergja íbúð á efstu hæð í þrjúþingahúsi ásamt helmingi kjallara, sér herbergi og geymsla í kjallara, samtals 138 m <sup>2</sup> . <b>10.300.000,-</b>	 Ólafstún 4, Flateyri 140 m <sup>2</sup> einbýlishús úr forsteyptum einingum ásamt bílskúr, byggt árið 1977. Bílskúr er 49,6 m <sup>2</sup> að stærð. Fjögur svefnherbergi. <b>13.000.000,-</b>
 Stórholt 9, Ísafirði 164 m <sup>2</sup> 5-6 herbergja íbúð á fyrstu hæð og í kjallara fjölþýlishúss. Baðherbergi endurnýjað. <b>16.200.000,-</b>	 Miðtún 37, Ísafirði 189 m <sup>2</sup> steinsteypt endaraðhús á tveimur hæðum, fjögur herbergi, nýlegt bað og eldhús. <b>21.300.000,-</b>
 Mjallargata 1, Ísafirði 75,6 m <sup>2</sup> Þriggja herbergja íbúð í fjölþýli, sérinngangur, geymsla í íbúð. <b>9.500.000,-</b>	 Skólastígur 24, Bolungarvík 140,2 ferm. parhús á tveimur hæðum, sem byggt var úr steinsteyptu 1959, fjögur svefnherbergi. <b>7.200.000,-</b>
 Silfurgata 11, Ísafirði 125 m <sup>2</sup> fjögurra herbergja íbúð á tveimur hæðum í uppgerðu fjölþýlishúsi. <b>10.000.000,-</b>	 Heiðarbraut 12 - Holt, Hnífsdal 220 m <sup>2</sup> Einbýlishús á tveimur hæðum. Neðri hæð er steypt en efri hæð er byggð úr timbri, bílskúr er ca 21 m <sup>2</sup> . <b>18.000.000,-</b>
 Aðalstræti 13, Ísafirði Samtals 184 m <sup>2</sup> 4-5 herbergja íbúð í tvíþýli í miðbæ Ísafjarðar, geymslur í kjallara og helmingur bílskúrs fylgir. <b>15.000.000,-</b>	 Engjavegur 9, Ísafirði 220 m <sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum með bílskúr, lítill séríbúð undir bílskúr sem hægt er að leigja út. <b>24.000.000,-</b>



Ráðstefnan verður haldin í Hömrum.

## Ferðamenn festust á Eyrarfjalli

Erlendir ferðamenn festu bíl sinn í snjó á Eyrarfjalli í Ísafjarðardjúpi, (Hestakleif), á fimmtudagskvöld í síðustu viku. Þeir komust í sæluhús í Álftaborgum sem staðsett er á fjallinu þar sem þeir nýttu sér neyðartalstöð til að kalla á aðstoð. Fyrst um sinn vissu þeir ekki hvar þeir voru staddir og tilkynntu að þeir væru á Steingrímsfjarðarheiði. Að sögn lögreglu var vegurinn um Eyrarfjall lokaður en þekkingarleysi fólksins á aðstæðum gerði það að verkum að það lagði á fjallið. Björgunarsveit frá Hólmanvík kom fólkinu til hjálpar og hafði engum orðið meint af hrakningunum. Það var flutt til byggða ásamt bílnum.



Fjölskylda Erlings var með honum á Ísafirði til að fagna 75 ára afmæli hans.

## Sellósnillingi vel tekið

Erling Blöndal, sellósnillingurinn ísfirsk ættaði, hélt tónleika í Hömrum á Ísafirði á föstudag. Tónleikarnir voru sérstakir hátíðartónleikar í boði Tónlistarfélags Ísafjarðar í tilefni af 75 ára afmæli Erlings. Erling kom fram ásamt tengdadóttur sinni, Ninu Kavtaradze, sem lék á píanó, og

klarinetttuleikaranum Einari Jóhannessyni.

Á efnisskránni voru þrjú verk, fantasia fyrir píanó og selló eftir Schumann, klarinetttúríó eftir Brahms og sónata fyrir selló og píanó eftir Sjostakovitsj. Eftir dýnjandi lófatak og kröftugt upplapp léku Erling og Nina stutt verk

eftir Mozart. Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, afhenti Erling gjöf fyrir hönd bæjarins, en það var innrömmuð mynd af Hæstakaupstað, hvar móðurafi hans var með verslun. Móttaka var eftir tónleikana í Hæstakaupstað þar sem gestum var boðið upp á léttar veitingar.



Erling Blöndal lék af mikilli fimi á afmælistónleikunum.



# Uppbókað fyrir vestan

„Starfsmenn Lýsingar unnu hratt og örugglega úr umsókn okkar um fjármögnun vegna bátaútgæra til sjóstangaveiða fyrir þýska ferðamenn á Vestfjörðum. Á síðasta ári gerðum við út 11 báta en næsta sumar verða þeir 21 á sjó.“

Finnur Jónsson, Próton ehf

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsníðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir

  
**LÝSING**

LYSING.IS // 540 1500



120 1886 2006



## Framkvæmdu þessa í dag

Ekki láta hugmyndina um að eyða í sparnað tynast innan um allar hinar. Hún er svo einföld að þú framkvæmir hana á augabragði. Hún er jafnvel hugmyndin sem gæti hjálpað þér að koma öllum hinum í framkvæmd.

- Farðu á [landsbanki.is](http://landsbanki.is) eða hringdu í 410 4000
- Veldu upphæð og þá sparnaðarleið sem hentar þér
- Byrjaðu að spara reglulega

Það eina sem kemur í veg fyrir að þú eyðir í sparnað ert þú. Ekki bíða lengur.



# Mannlífið

Ábendingar um efni sendist til Thelmu Hjaltdóttur, thelma@bb.is – sími 849 8699

## Blogg Helgu Völu Helgadóttur helgavala.blog.is/blog/helgavala

Auðlindaskrípaleikurinn er í brennipunkti þessi dægrin. Ríkisstjórnarflokkarnir settu það inn í stjórnarsáttmálann að gera eitthvað í auðlindamálunum en hafa svo ekkert aðhafst í þá veru. Þeir hafa haft til þess árafjöld en ætla svo að ljúka þessu á kortéri. Því nú eru að koma kosningar – og í stað þess að fá á sig orð fyrir að hafa ekkert aðhafst til að vernda okkar sameignir þá hlaupa þeir nú af stað. Afrakstur örvinnu þeirra við auðlindaákvæði er í samræmi við tím-ann sem þeir gefa sér. Óskiljanlegt og merkingarlaust ákvæði sem troða á inn í stjórnarskrána.

### Smáauglýsingar

Íbúð óskast til leigu á Ísafirði, helst á eyrinni, í árstíma frá júní 2007 fyrir 5 manna fjölskyldu. Uppl. gefur Simbi í síma 897 9071 eða 860 8037.

Óska eftir íbúð til leigu á eyrinni á Ísafirði. Uppl. í síma 868 8464.

Til leigu eða sölu er 190m<sup>2</sup> íbúð á góðum stað á eyrinni á Ísafirði. Um er að ræða þrjú svefnherbergi, stór stofa og geymsla. Upplýsingar í símunum 848 3460 eða 894 6125.

Til sölu er Ski-doo SE Grand Touring Rotax 670 vélsleði árg. 1994. Góður sleði. Upplýsingar í síma 895 4115.

Til sölu er Subaru Legacy árg. 1998, ekinn 149 þús. km. Sumar- og vetrardekk. Upplýsingar í síma 847 8531.

Kaupi bíla til niðurrifs. Upplýsingar í síma 899 4201.

Heimilishjálpi óskast á Ísafirði. Upplýsingar í síma 862 5518.

Par með barn óskar eftir þriggja herbergja íbúð til leigu frá og með 1. júní. Erum reyklus og ábyrgðarfull. Uppl. gefur Vala Dögg í síma 843 0028.

## Bærinn kaupir slippinn

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að festa kaup á gamla slippnum í Suðurtanga á Ísafirði, en hugmyndir um kaupin hafa verið uppi hjá Ísafjarðarbæ um nokkurt skeið. Í byrjun febrúar var Halldóri Halldórssyni bæjarstjóra falið að semja við siglingaklúbbinn Sæfara um kaupin, en slippurinn hefur verið í eigu hans um hríð.

Meðal þess sem bæjarráð hafði áður gert í málinu var að fá mat hjá Byggðasafni Vestfjarða um sögulegt mikilvægi slippins sem byggðasafni taldi ótvírætt, en hann er fyrsti dráttarslippurinn hér á landi. Framkvæmdir við hann hófust árið 1917 og var hann upprunalega staðsettur við Torfnæs á Ísafirði. Framkvæmdir við brautina gengu frekar hægt fyrir sig og var fyrsti báturinn dreginn upp í hana árið 1921.

Kaupverð gamla slippins er fimm milljónir króna.

### Spurning vikunnar

**Hefur þú trú á að lækkun virðisaukaskatts á matvæli skili sér til neytenda til lengri tíma?**

Alls svöruðu 828.

Já sögðu 237 eða 29%  
Nei sögðu 591 eða 71%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Geir Ólafsson við píanóið á Hótelu Ísafirði.

# Snjóaði úr augnlokunum

Geir Ólafsson, söngvari og skemmtikraftur, kom til Ísafjarðar í síðustu viku til að syngja fyrir nemendur Menntaskólans á Ísafirði, á nýafstaðinni Sólríshátíð. Geir, einnig þekktur undir nafninu Ice-Blue, syngur alla jafna stór-sveitar- og jasslög sem áður hafa orðið fræg í flutningi stórmenna eins og Frank Sinatra. Hvernig gekk að spila fyrir krakkana?

Mér skilst að það hafi tekist bara ágætlega. Ég var allavega mjög sáttur og hafði gaman að þessu. Það er alltaf gaman að syngja þessa tegund af tónlist fyrir fólk af yngri kynslóðinni. Það þekkir hana kannski ekki vel en mér hefur tekist að tengjast öllum aldurshópum. Það er líklega fyrir það að ég hef alltaf haldið minni stefnu, t.d. ekkert verið að líta á mér hárið eftir hvað er í tísku heldur bara hugsað um það hvað ég vil helst gera. Svo hef ég leyft þeim að fylgja mér sem hafa áhuga á því sem ég er að gera. Ég er sérstaklega glaður yfir því þegar skólarnir hringja í mig og fá mig til að skemmta hjá sér. Mér finnst það mjög jákvætt og ég er virkilega stoltur yfir því.

Krakkarnir hafa þá tekið þér

vel?

Já, það er ekkert við öðru að búast. Ég vinn vinnuna mína þannig að það verður allt að vera alveg tipp topp. Ég myndi vera með aðra tónleika í dag ef mér fyndist hafa tekist illa upp í gær. Ég er þannig listamaður að ég gef mig 100% fram í þeim verkefnum sem ég tek að mér. Það er skylda mín sem söngvari. Það er kannski ekki hægt að segja að þetta sé létt vinna, en þetta er ekkert sérstaklega erfitt vinna heldur og manni ber jafn mikil skylda til að gefa sig allan í þessa, eins og aðra vinnu.

Nú lentir þú í svolitlu ævintýri við að komast hingað. Segðu aðeins frá því.

Ég ákvað að keyra vestur daginn áður en ég átti að koma fram. Veðrið var ágætt og ég fylgdist vel með færðinni alla leiðina. Hún átti að haldast nokkuð góð og þetta átti allt saman að ganga upp. Ég ákvað því að taka þetta allt í einum rykk. Veðrið var mjög gott þangað til ég var kominn framhjá Brú, þá fór að kárna gamanið. Mér stóð heldur ekki á sama að vera svona einn á ferð og ekkert símasamband. Ég hélt þó áfram og stoppaði

ekki fyrr en í Hólmavík, þar sem ég mat stöðuna. Þar var veðrið orðið ansi vont en ég sá að nýbúið var að ryðja veginn framundan og ég lét því vaða. Þegar ég er kominn kannski 40-50 kílómetra frá Hólmavík skellur á þetta rosa-lega veður að ég hef bara aldreiii kynnst öðru eins. Ég hefði í raun aldrei trúað því að veðrið gæti orðið svona. Það var svo blint að það var eins og snjóaði úr augnlokunum á mér. Ég sá ekkert, hvorki fram fyrir bilinn eða til hliðar.

Ég stoppaði bilinn og gat rétt greint stikurnar næst mér. Þannig gerði ég mér nokkurn veginn grein fyrir stöðu bilsins á veginum og gat þar af leiðandi snúið við. Það tók mig rúman klukkutíma að keyra til baka, enda lúsaðist ég auðvitað bara áfram. Þegar ég var kominn til Hólmavíkur aftur hitti ég snjómokstursbilinn sem ég hafði mætt áður. Öku- maðurinn hafði þá ákveðið að bíða og fylgjast með mér og fleirum sem vítað var að farið hefðu þessa leið. Ég hafði ekkert haft samband við tengiliði mína hérna fyrir vestan á leiðinni, enda ætlaði ég bara að láta þá vita ef ég kæmist ekki. Þegar ég komst í símasam-

band hringdi þetta góða fólk sem réði mig hingað, en það hafði haft miklar áhyggjur af afdrifum mínum. Lögreglan hringdi einnig og hafði áhyggjur af mér. Mér hlýnaði um hjartaræturnar að allir skyldu hugsa svona vel um mig. Ég finn fyrir miklum hlýhug frá Ísfirðingum. Þeim var ekki sama um ferðir mínar. Mér þykir þetta afar gott og vil koma þakklæti til þeirra sem fylgdust með mér.

Það endaði þá með því að þú flaugst til Ísafjarðar frá Reykjavík. Hefur þú komið hingað áður?

Já, ég hef komið hingað áður en það er reyndar dálítið síðan. Ég er virkilega glaður að vera hérna á Ísafirði. Það er ekkert leiðinlegt að vera veðurtepptur hér því það er svo æðislegt fólk hérna. Ég hlakka til að koma hingað aftur að spila fyrir Ísfirðinga og þá með alvöru hljómsveit. Vonandi getur það orðið á næstu vikum. Ég ætla að koma aftur og ég hlakka til og mér finnst frábært að vera hérna. Mér finnst Ísfirðingar vera algjörar hetjur að búa hérna, sérstaklega eins og veðrið er búið að vera. Það er mjög mikilvægt að koma reglulega út á

landsbyggðina og spila, kynna það sem ég er að gera. Þó ég þurfi kannski ekki beint að kynna sjálfan mig vil ég að fólk fái að sjá aðra hlið á mér, ekki bara eitthvað sem það hefur lesið í SÉð og Heyrt. Ég vil að fólk fái dálítið að kynna manninn sjálfum. Sérstaklega er þetta mikilvægt ef maður ætlar að taka þátt í Eurovision einhverntíman. Þá er gott að eiga vini á flestum stöðum.

Hvað er framundan hjá þér? Það er plata framundan, sem ég vona að komi út á þessu ári. Allt efni á henni verður eftir mig. Ég er búinn að semja mikið efni, en er voða rólegur í tíðinni hvað það varðar að gefa út plötu. Í framhaldi af því að ég gaf út diskinn minn, Geir Ólafsson, árið 2001, langaði mig að hafa enn stærri hljómsveit með mér. Ég lét því útsetja fyrir mig lög fyrir 25 manna stórsveit. Það tók nokkur ár að safna peningum fyrir þessu og svo þurfti ég að safna peningum og styrkjum líka til að halda tónleika. Það tókst þó alltsaman og núna er ég búinn að halda tíu tónleika með minni eigin stórsveit og ég vonast til þess að geta komið með hana hingað til Ísafjarðar og gert allt vitlaust.

## Starf skrifstofustjóra flutt í Borgarnes

Ekki stendur til að ráða í starf skrifstofustjóra Vegagerðarinnar á Ísafirði en skrifstofustjórinn hætti þar um mánaðamótin eftir tíu ára starf. Til stendur að flytja starfið til Borgarness. Þrátt fyrir sex ný störf í upplýsingaþjónustu stofnunarinnar á Ísafirði eru jafnmörg störf hjá Vegagerðinni á Vestfjörðum í dag og voru árið 2001, eða 35. Magnús Valur Jóhannsson, yfirmaður Vegagerðarinnar í Norðvesturkjördæmi, sagði í samtali við Svæðisútvarp Vestfjarða að ákveðið hafi verið að bókhaldsvinnsla sem verið hefur verið á þremur skrifstofum flytjist til Borgarness. Eitt stöðugildi verði áfram á Sauðárkróki og eitt á Ísafirði. Nú sé auglýst eftir tæknimanni í nýframkvæmdadeild á Ísafirði.

## Helgarveðrið

**Horfur á föstudag:** Breytileg eða norðlæg átt og él eða snjócoma, en léttir til austanlands. Kólnandi veður.  
**Horfur á laugardag:** Norðvestanátt og él á Norðausturlandi, en annars léttskýjað að mestu. Frost 0-5 stig.  
**Horfur á sunnudag:** Hæg breytileg átt og víða bjartveðri. Frost 0-8 stig en hlýnar suðvestantil.



Sviðið var skreytt með „höfuðslæðum“ í öllum litum. Myndir: Haukur Vagnsson.

# Lisa sveik ekki áhangendur sína í Bolungarvík

Mögnuð stemmning ríkti á tónleikum Lisu Ekdahl sem haldnir voru fyrir troðfullu félagsheimili Bolungarvíkur fyrir stuttu. Góður rómur var gerður af tónleikunum þrátt fyrir seinkun sem varð vegna óviðráðlegra aðstæðna. „Lisa sveik ekki áhangendur sína frekar en fyrri daginn og koll-egi hennar Matthías Bloomdahl fór einnig á kostum. Sviðið var skreytt með „höfuðslæðum“ í öllum litum sem Birna Hjaltalín Pálsdóttir á í förum sínum og skapaði skemmtilega stemmingu“, segir í frétt frá aðstandendum tónleikanna. Tónleikarnir voru haldnir á vegum Austur-Þýskalands sem er í eigu Gríms Atla-

sonar. Lisa hefur spilað áður á Íslandi en það sérstaklega um að fá að spila á landsbyggðinni að þessu sinni, en hana langaði mikið til að kynna þeirri hlið á landinu. Lisa Ekdahl sló í gegn með hljómplötunni Vem vet árið 1994 en það var hennar fyrsta plata, en hún er ein sú söluhæsta á Norðurlöndunum til þessa dags. Lisa Ekdahl hefur síðan farið ýmsar leiðir í tónlistarsköpun sinni, allt frá djassi og bossanova yfir í popp. Hún á miklum vinsældum að fagna í Danmörku sem þykir óvenjulegt þar sem sænskir tónlistarmenn hafa átt á brattan að sækja í Danaveldi.

– [thelma@bb.is](mailto:thelma@bb.is)



Húsfyllir var á tónleikunum.



Sælkerar vikunnar eru Stefania Ellý Baldursdóttir og Guðni Brynjólfsson á Ísafirði

## Kjúklingaréttur í BBQ sósu

Aðalréttur sælkera vikunnar er kjúklingaréttur í BBQ sósu. Stefania og Guðni mæla með því að bera réttinn fram með hrísgrjónum, smábrauði og fersku salati. Eða því sem hver og einn vill. Í eftirrétt bjóða þau upp á Kókosbolluís-bombu og marssósu. Þá vilja sælkerarnir einnig bjóða upp á smá auka uppskrift sem þau segja að sé gott að hafa með pasta eða bara öðrum mat. Og jafnvel eitt og sér.

4-6 kókosbollur  
 1 peli rjómi.  
 Nóakropp

Setjið vanilluísinn í botninn á eldföstu móti. Kremjið því næst kókosbollurnar yfir og setjið þeytta rjómann þar ofan á. Í lokin er svo nóakropp sett þar yfir.

**Marssósa**  
 2 mars súkkulaðistykki  
 Rjómi

**Kjúklingaréttur í BBQ sósu**  
 2 pakkar af kjúklingabitum.  
 1 dl BBQ original sósa.  
 1 dl aprikósumarmelaði.  
 1/4 dl soya sósa.  
 2 dl rjómi.  
 25 g smjör.  
 25 g púðursykur.

Setjið saman í pott og bræðið á vægum hita.

### Bakaður hvítlaukur

Takið nokkra heila hvítlauka og skerið toppinn af þeim. Stráið örllitlu salti í sárin ásamt smá olíu. Pakkið svo hverjum hvítlauki fyrir sig í álpappirsbút og setjið inn í heitan ofn í ca. 20 mín. Þegar að hvítlaukurinn er orðinn vel mjúkur og sætur er mjög gott að þrýsta rifunum upp og smyrja þeim ofan á brauð.

Við skorum á Katrínu Pálsdóttur og Þorstein Mátsson að vera næstu sælkerar vikunnar.

**Kókosbolluís BOMBA!**  
 Vanilluís

## Samfylkingin

### Aðalfundur

Aðalfundur Samfylkingarinnar í Safjarðarbæ verður haldinn laugardaginn 17. mars kl. 12:00 í kosningamiðstöðinni, Aðalstræti 27, Ísafirði.

Dagskrá:

**Atvinnumál á Vestfjörðum**

Aðalfundarstörf, kosningar og önnur mál. Frambjóðendur Samfylkingarinnar í NV-kjördæmi mæta á fundinn.

Súpa og brauð í boði.

Samfylkingin.

# Verðlaunaður fyrir mögnuðustu kynlífslýsinguna

Ísfrska skáldið Eiríkur Örn Norðdahl fékk á dögum veitta hina rauðu hrafnsfjöður sem er bókmenntaverðlaun lestrarfélagsins Krumma. Þetta er í fyrsta sinn sem Krummi veitir bókmenntaverðlaun og voru þau veitt fyrir mögnuðustu kynlífslýsingu ársins 2006. Eiríkur Örn veitti rauðu hrafnsfjöðrinni viðtöku á árs hátíð Krumma, þar sem hann las upp hina verðlaunuðu lýsingu.

Að mati dómnefndar verð-



Eiríkur Örn Norðdahl.

launanna er framganga sögu-persónunnar Högna í Eitri fyrir byrjendur, einhver sú allra hetjulegasta í íslenskum bókmenntum hvernig hann „sarð Dísu með styrk górrillunnar, fimi kattarins og slægð höggormsins.“ Á vissan hátt sé lýsingin afturhvarf í Íslendingasögurnar, þar sem karlmenn þurfi á öllu sína að halda til að verja sæmd sína og á köflum sé beitt ýkjústíl Bósa-sögu. Um leið verði vart ákveðinnar nostalgiu eftir

hreysti karlmansins, sem nú orðið sé helst að finna á bás skrifstofunnar, „á bakvið eldaveilina“ eða bryðjandi víagra á ljósinn hafa verið slökkt.

Auk Eiríks Arnar Norðdahl voru tilnefndir Guðbergur Bergsson fyrir Hryllilega sögu, Sölvi Björn Sigurðsson fyrir Fljótandi heim, Stefán Máni fyrir Skipið og Ólafur Jóhann Ólafsson fyrir Aldingarönn.

– [annska@bb.is](mailto:annska@bb.is)



Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár  
**BÆJARINS BESTA**  
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk

Sjáumst á  
Suðureyri!



**bb.is – fjölsóttasti vestfirski vefurinn**

# Kaupa meirihluta hlutafjár í 3X Technology

Atorka Group hf., og Straumborg ehf., hafa keypt meirihluta hlutafjár í 3X Technology ehf., á Ísafirði, sem áður hét 3X-Stál. Með tilkomu nýrra hluthafa er stefnt að frekari vexti fyrirtækisins bæði með innri vexti byggðum á vöruþróun fyrirtækisins og ytri vexti með kaupum á fyrirtækjum á starfssviði 3X Technology. Rekstur félagsins verður þó óbreyttur og mun Gunnar Gaukur Magnússon vera áfram framkvæmdastjóri rekstrarsviðs. Í augum forsvarsmanna fyrirtækisins eiga framleiðsluvörur þess og tækjalausnir erindi inn á breiðari markað matvælaíðnaðar, ekki einungis á sviði sjávar-

fangs, heldur einnig á sviði kjötvara, ávaxta og grænmetis.

Nýr stjórnarformaður er Geir Gunnlaugsson. „Við sjáum mikla möguleika á innri og ytri vexti með 3X Technology, en félagið hefur sannað sig sem eitt helsta samstarfsfyrirtæki íslensks sjávarútvegs á síðustu árum,“ sagði Geir. „Það er mikil viðurkenning fyrir okkur að fá jafn reynslumikla og sterka fjárfesta eins og Atorku og Straumborg. Við höfum fundið fyrir því að við eigum mikla möguleika á fleiri mörkuðum en í sjávarútvegi og við ákváðum því að breyta nafni félagsins til að endurspeglar betur vörur

og þjónustu þess,“ segir Jóhann Jónasson, forstjóri og annar stofnenda félagsins.

Vöruþróun hefur alla tíð skipað veglegan sess hjá 3X Stál og hlaut félagið Útflutningsverðlaun Forseta Íslands árið 2006. Í dag eru starfsmenn 3X Technology 50, flestir við störf á Ísafirði, en einnig á söluskrifstofu fyrirtækisins í Reykjavík. Stofnendur 3X Technology, þeir Albert Högnason, framkvæmdastjóri yfir vöruþróun og tækni-sviði, og Jóhann Jónasson munu starfa áfram hjá félaginu og eiga tæpan helming hlutafjár. Rekstur félagsins verður óbreyttur og mun Gunnar Gaukur Magnússon áfram vera fram-



Höfuðstöðvar 3X Technology ehf., á Ísafirði.

kvæmdastjóri rekstrarsviðs. Ný stjórn félagsins skipa þeir Geir A. Gunnlaugsson, formaður og meðstjórnendur

Guðmundur Jónsson og Jóhann Jónasson, sem jafnframt eru forstjóri félagsins.

Kaupin eru háð niðurstöðu

áreiðanleikakönnunar. Fyrirtækjaráðgjöf Glitnis hefur veitt ráðgjöf vegna kaupanna.

– [thelma@bb.is](mailto:thelma@bb.is)



Frá borgarafundinum sem haldinn var í Hömrum á sunnudag.

# Krefjast þess að svæðinu verði settar sanngjarnar leikreglur

Á opnum borgarafundi, Lifi Vestfirðir!, sem haldinn í Hömrum á Ísafirði á sunnudag var samþykkt einróma áskorun til fulltrúa Vestfirðinga á alþingi og í sveitarstjórnunum, hvar í flokki sem þeir standa, að taka höndum saman, leggja flokkspólitísk ágreiningsefni til hliðar og sameinast um þau brýnu úrlausnarefni sem við blasa í atvinnu- og byggðamálum í fjórðungnum.

Í áskoruninni segir jafn-

framt „fundurinn krefst þess að stjórnvöld standi við margítrekuð loforð og stefnumótun um uppbyggingu Ísafjarðar sem eins þriggja byggðakjarna utan höfuðborgarsvæðisins. Ennfremur að þessu svæði verði settar sanngjarnar leikreglur með ákvörðunum um nauðsynlegar framkvæmdir í samgöngumálum, tilfærslu opinberra starfa og eðlilegt aðgengi að fjármagni. Mikið vantar á að þetta landsvæði

njóti jafnræðis á við aðra landshluta varðandi samgöngur, fjarskipti, flutningskostnað, menntunarkosti og almenn skilyrði í atvinnulífi. Beinir fundurinn því til frambjóðenda stjórnmalaflokkanna í Norðvesturkjördæmi að mæta til kosningabaráttunnar nú í vor með haldbærar tillögur um framtíð byggðar á Vestfjörðum. Við köllum eftir samstöðu þings og þjóðar á þeim vanda sem Vestfirðingar standa nú

frammi fyrir.“

Ófullnægjandi samgöngur sem Vestfirðingar hafa mátt búa við alla tíð og andvaraleysi stjórnvalda gagnvart fjórðungnum voru þau mál er fengu hve mestar undirtektir fundargesta, en þetta hefur til að mynda endurspeglast í fólksflutningi frá svæðinu og skertri samkeppnishæfni fyrirtækja. Einnig voru á fundinum háværar raddir um fullburða háskóla á Ísafirði og

kvótann sem horfinn er frá Vestfjörðum. Heyra mátti hróp og köll í salnum þegar að fundargestir lögðust sem fastast á sveifina með ræðumönnum. Fjórugar umræður sköpuðust í pallborðsumræðum í lok fundar.

Fundinum lauk með því að viðstaddir þingmenn sam-mæltust um að funda og ræða sameiginlegan tillöguflutning um atvinnumál á Vestfjörðum. – [annska@bb.is](mailto:annska@bb.is)



Frá slysstæð á Hnífsdalsvegi

## Ekið á gangandi vegfaranda

Ekið var á gangandi vegfaranda á Seljalandsvegi á miðvikudag í síðustu viku. Vegfarandinn reyndist ekki slasaður en skemmdir urðu á bifreiðinni.

Þá valt bifreið á Hnífsdalsvegi um kl. 03 aðfaranótt sunnudag. Tvær stúlkur voru í bifreiðinni og voru þær fluttar á sjúkrahús til skoðunar. Þær reyndust lítill slasaðar. Bifreiðin var hins vegar flutt af vettvangi með kranabíl.

## Stökk í sjóinn við Ósvör

Aðfaranótt sunnudags fékk lögreglan tilkynningu um að maður hefði stökkið í sjóinn við Ósvör í Bolungarvík.

Lögrelumen fóru þegar á staðinn og náðu að bjrga manninum í land við hættulegar aðstæður og var hann þá orðinn kaldur og þrekadur. Hann var fluttur á sjúkrahúsið á Ísafirði til skoðunar.

Þá voru þrír öikumenn kærðir fyrir of hraðan akstur í vikunni. Sá sem hraðast ók var á 116 km. hraða.